FRÉTTABLAÐIÐ

209. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER 2020

Fylgi flokkanna samkvæmt könnunum Fréttablaðsins



Framsókn nær Miðflokknum

Vinstri græn og Miðflokkur tapa fylgi samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Samfylkingin bætir við sig prósenti. Fylgi stjórnarflokka 40 prósent.

STJÓRNMÁL Samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna er 40,8 prósent samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið í lok síðustu viku. Fylgi stjórnarflokkanna hefur ekki verið svo lítið síðan í janúar á þessu ári, þegar það mældist rúm 35 prósent.

Það er þó eingöngu fylgi Vinstri grænna sem dregur stjórnarflokkana niður. Flokkurinn, sem hefur yfirleitt mælst með 12 til 13 prósenta fylgi á kjörtímabilinu, mælist nú undir tíu prósentum í annað sinn á þessu kjörtímabili. Fylgi flokksins stendur nú í 9,7 prósentum.

Sjálfstæðisflokkurinn heldur sama fylgi og í síðustu könnun eða rúmum 23 prósentum. Fylgi Framsóknarflokksins er 7,9 prósent og kemst hann upp að hlið Miðflokksins í fyrsta sinn síðan snemma á síðasta ári, þegar Miðflokkurinn tapaði fylgi í kjölfar Klausturmálsins.

Fylgi Samfylkingarinnar vex og mælist nú 17,2 prósent. Á grundvelli þessarar könnunar væri ekki hægt að mynda þriggja flokka meirihluta án aðkomu bæði Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. „Það er ekki að fara að gerast. Það gerist bara í sjónvarpsþáttum," segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Píratar hafa tæplega 14 prósenta fylgi og standa í stað frá síðustu könnun líkt og Viðreisn sem hefur mælst með 10 prósenta fylgi allt þetta ár.

Þeir þrír flokkar í stjórnarandstöðu sem hafa mest fylgi, Samfylkingin, Píratar og Viðreisn, hafa samanlagt 41,1 prósents fylgi og ásamt Vinstri grænum færi fylgi þeirra í 50,8 prósent.

» Þriggja flokka stjórn væri ómöguleg án aðkomu bæði Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

Stjórnarflokkarnir næðu hins vegar ekki meirihluta jafnvel þótt þeir bættu Miðflokki við, því flokkurinn hefur aðeins 7,5 prósenta fylgi sem er minnsta fylgi flokksins síðan í mars 2019, þegar flokkurinn mældist með 6,6 prósent. Til að tryggja meirihluta þyrftu sitjandi stjórnarflokkar að taka einhvern af stærstu stjórnarandstöðuflokkunum inn í samstarfið: Samfylkinguna, Pírata eða Viðreisn.

Fylgi minnstu flokkanna er svipað og í síðustu könnunum. Flokkur fólksins er rétt undir fimm prósentum, sem er svipað og í síðustu könnunum. Sósíalistar mælast nú með 3,9 prósent en flokkurinn hefur einu sinni mælst yfir fimm prósenta markinu sem þarf til að ná manni á þing. Það var í janúar síðastliðnum.

Könnunin var send á könnunarhóp Zenter rannsókna og svartími var frá 23. til 28. september. Í hópnum voru 2.500 einstaklingar á Íslandi, átján ára og eldri og voru svör þeirra vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu. Svarendur voru 1.281 eða 51 prósent. **– aá**



Halldór Benjamín Þorgrímsson, framkvæmdastjóri SA, mætir til fundar við forystufólk ríkisstjórnarflokkanna í Ráðherrabústaðnum í gær. Forsætisráðherra átti einnig fund með Drífu Snædal, forseta ASÍ. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða aðgerðir kynntar eftir ríkisstjórnarfund í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Veður



SA- og austan 3-10, en NA 10-18 NV-til seinnipartinn. Talsverð rigning SA-lands og einnig á Austfjörðum um kvöldið, en skúrir eða lítils háttar rigning í öðrum landshlutum. SJÁ SÍÐU 12

Körfubolti á kajanum

Þótt nú hafi tekið að hausta er engin ástæða til að leggja árar í bát og sjálfsagt að bregða á leik og spila körfubolta. Niðri við Reykjavíkurhöfn í gær voru körfuskotin æfð á milli rigningarskúra. Samkvæmt Veðurstofunni eru horfur á vætutíð um landið allt í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Útspil fyrir hádegi í dag

KJARAMÁL „Við erum auðvitað bara að skoða aðgerðir til að tryggja frið á vinnumarkaði," sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra í gærkvöld.

Katrín ásamt öðrum forystumönnum ríkisstjórnarflokkanna átti tvo fundi í gær með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins vegna hugsanlegrar uppsagnar samtakanna á Lífskjarasamningnum.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Að auki átti forsætisráðherra fund í lok dags í gær með Drífu Snædal, forseta ASÍ. „Við munum fara yfir þetta í ríkisstjórn á morgun [í dag]," sagði Katrín.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er búist við að aðgerðir verði kynntar eftir ríkisstjórnarfundinn í dag. – **gar**

Erfið staða á Landspítala

COVID-19 Alls hefur nú fjórum skurðstofum af átta á Landspítala í Fossvogi verið lokað og sjúklingar því ekki kallaðir inn til aðgerða þar í ljósi viðbúnaðar vegna smits og sóttkvíar starfsmanna. Þetta kemur fram á vef spítalans þar sem ítrekað er að bráðaaðgerðum verði sinnt.

Í gær voru 37 starfsmenn Landspítalans í einangrun með COVID-19 og 177 aðrir voru í sóttkví.

Á spítalanum lágu í gær fimm manns vegna COVID-19, þar af var einn í öndunarvél á gjörgæsludeild. Þá voru 497 sjúklingar undir eftirliti COVID-19 göngudeildar spítalans. – **gar**

Óáreiðanlegir öryggishnappar

ÍSAFJÖRÐUR „Við núverandi ástand er ekki hægt að búa lengur," segir Hlynur Kristjánsson, varðstjóri hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar, í minnisblaði til bæjaryfirvalda varðandi öryggishnappa fyrir eldri borgara.

Hlynur segir að sumir notendur séu með hnappa tengda GSM-símkerfinu en aðrir séu tengdir fastlínukerfi sem sé fyrir löngu orðið úrelt. „Engar leiðbeiningar eru til um þetta kerfi og komi upp bilun er lítið sem við getum gert nema að slökkva og kveikja á stöðinni og vona það besta," útskýrir varðstjórinn. GSM-hnapparnir séu nútímalegri og öruggari.

Ef ekki komi inn fjármagn til að sinna þjónustunni sómasamlega sé það eina í stöðunni að slökkviliðið segi sig frá verkefninu og bæjaryfirvöld sjái til þess að þjónustan sé veitt. – **gar**

Hlusti á hvað börnum finnst um sín málefni

Skýrsla um mannréttindi barna á Íslandi unnin af börnum verður kynnt fyrir Barnaréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna í dag. Einn höfunda segir stundum eins og sóst sé eftir börnum á fundi og skoðunum þeirra til að fólk líti betur út.

MANNRÉTTINDI „Ég vona að þetta sé merki um að börn séu að fá meira vægi í málefnum sem þau varða," segir Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir, 17 ára fulltrúi í Ungmennaráði Reykjavíkur.

Bryndís, ásamt fimm öðrum úr ungmennaráðum landsins sem mynda félagið Umbi, hefur unnið að skýrslu um ýmis málefni tengd mannréttindum barna á Íslandi.

Skýrslan verður kynnt fyrir Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna í dag ásamt skýrslu níu frjálsra félagasamtaka um stöðu mannréttinda barna á Íslandi. Aldrei fyrr hefur skýrsla um mannréttindi unnin af börnum verið kynnt fyrir nefndinni.

Málefni sem börnin kusu að fjalla um í skýrslunni eru geðheilbrigði, samskipti við lögreglu, staða fatlaðra barna, aðgengi að eiturlyfjum, hinsegin börn og börn með fjölbreyttan menningarlegan og tungumálabakgrunn, kynferðislegt ofbeldi og ofbeldi á netinu.

Bryndís segir börnin hafa verið sammála þegar kom að vali á málefnum, þau séu öll mikilvæg núna.

„Til dæmis kynferðislegt ofbeldi og ofbeldi á netinu, langflestir í kringum mig hafa fengið eitthvað óviðeigandi sent eða lent í einhvers konar ofbeldi á netinu en mjög fáir kæra eða hafa samband við lögreglu," segir Bryndís. „Það hefur enginn trú á því að eitthvað sé gert í svona málum og börn vita ekki hvernig þau eiga að fara að eða hvað gerist í framhaldinu," bætir hún við.

Þá segir Bryndís mikilvægt að veita börnum hljómgrunn þegar málefni þeim tengd séu rædd og að skýrslan sé mikilvægur þáttur í því.

Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir er einn fimm félaga í Umba. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Langflestir í kringum mig hafa fengið eitthvað óviðeigandi sent eða lent í einhvers konar ofbeldi á netinu en mjög fáir kæra eða hafa samband við lögreglu.**
>
> Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir, 17 ára

„Maður fær það oft á tilfinninguna að það sé sóst eftir skoðunum okkar og við fengin á ýmsa fundi til að fólk líti betur út en svo er ekkert endilega tekið mark á því sem við höfum að segja," segir Bryndís og tekur dæmi um styttingu framhaldsskólanáms.

„Þegar ákveðið var að stytta framhaldsskólann voru engin börn spurð um það, þeir eldri létu bara eins og þeir vissu allt um það."

„Núna fáum við að kynna skýrsluna beint fyrir nefndinni sem hefur raunverulega áhrif, ber ábyrgð og hefur vald til að gera breytingar," segir Bryndís.

Í skýrslunni er hvert málefni tekið fyrir á skilmerkilegan hátt þar sem upplifun barnanna er tekin fyrir, ásamt því að talað er við sérfræðinga á sviði málefnanna, vitnað er í rannsóknir og komið er með tillögur að úrbótum.

Aðspurð segist Bryndís vongóð um að tekið verði vel í tillögurnar í skýrslunni og að einhverjar breytingar muni eiga sér stað.

„Ef það gerist ekki þá munum við bara halda áfram að berjast fyrir því og láta í okkur heyra. En ég held að fólk sé opið fyrir þessu. Við stingum til dæmis upp á aukinni og fjölbreyttari kynfræðslu í skólum og það er strax farið að vinna að því."

birnadrofn@frettabladid.is

islenska

STRAUMAPRINS KOMINN Í SAMBAND

NÝR TOYOTA RAV4 PLUG-IN HYBRID

Við kynnum Hybrid flaggskipið hjá Toyota: glænýjan 306 hestafla RAV4 Plug-in Hybrid. Þessi sparneytni sportjeppi er öflugur, umhverfisvænn og lætur vel að stjórn. Aktu á alvöru nútímabíl. Sjá nánar á toyota.is

Verð frá: 8.550.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Telur yfirlýsingar eiginmanns Arnfríðar valda vanhæfi hennar

DÓMSMÁL Athugasemdir Brynjars Níelssonar á Facebook voru í aðalhlutverki í Landsrétti í gær þegar munnlegur málflutningur fór fram um hæfi dómarans Arnfríðar Einarsdóttur, eiginkonu Brynjars, til að dæma mál skjólstæðinga Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns.

Krafan er sett fram á grundvelli meintrar persónulegrar afstöðu dómarans í garð lögmannsins, vegna Landsréttarmálsins sem hann flutti bæði fyrir innlendum dómstólum og við Mannréttindadómstól Evrópu.

Í málflutningnum rifjaði Vilhjálmur upp ummæli Brynjars um grein sem birtist í Fréttablaðinu í júlí í fyrra þar sem Vilhjálmur hélt því fram að Sigríður Andersen, þá dómsmálaráðherra, hefði skipað Arnfríði dómara við Landsrétt af greiðasemi við Brynjar Níelsson sem hafi þá þegar eftirlátið Sigríði

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

fyrsta sæti á framboðslista flokks þeirra í Reykjavík.

Vilhjálmur las næst upp upphaf Facebook-færslu Brynjars um greinina fyrir Arnfríði og meðdómendur hennar tvo: „Stundum ber kappið fegurðina ofurliði þegar sparka þarf í pólitíska andstæðinga. Slíkt henti gamlan kollega, Vilhjálm H. Vilhjálmsson, eða Villa Vill, eins og hann er gjarnan nefndur, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í morgun."

Með þessum ummælum og öðrum sem meðal annars Gústaf Níelsson, bróðir Brynjars og mágur Arnfríðar, lét falla telur Vilhjálmur að eiginmaður Arnfríðar og fjölskylda tengi málið persónu sinni sem valdi því að aðrir umbjóðendur hans geti ekki treyst því að mál þeirra fái hlutlausa meðferð fyrir dómi sem Arnfríður situr í.

Lögmaður stefndu tók ekki afstöðu til kröfu Vilhjálms en um er að ræða áfrýjað mál kvenna sem dæmdar voru í héraði til að greiða skjólstæðingum Vilhjálms bætur vegna ummæla sem þær létu falla um þá í svokölluðu Hlíðamáli. **– aá**

Rafhlaupahjól. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bjóða áskrift að rafhlaupahjóli

VIÐSKIPTI Hægt er nú að leigja rafmagnshlaupahjól í áskrift hér á landi. Escooter.is býður fyrst fyrirtækið þennan möguleika. Hægt er að fá X7 rafhlaupahjól fyrir tæpar átta þúsund krónur á mánuði með þriggja mánaða binditíma, er hjólinu þá skipt út ef þörf er á viðhaldi.

„Þetta fyrirkomulag er vinsælt á Spáni þar sem ég bjó um tíma, þar voru allir spænsku vinir mínir í áskrift að hjólinu sínu," segir Steinar Ernir Knútsson framkvæmdastjóri.

Hér eru nú starfræktar fleiri en ein rafhlaupahjólaleiga þar sem greitt er fyrir ekna vegalengd. Steinar Ernir segir að þótt Escooter hafi enn ekki auglýst þjónustuna séu strax komnir þrír áskrifendur. **– ab**

Samkenndina vantar í fólk

SUÐURNES „Þú getur aldrei vanist því að sjá fátækt fólk sækja mataraðstoð. Það er þyngra en tárum taki," segir Anna Valdís Jónsdóttir, varaformaður og verkefnisstjóri Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum.

Yfir tvö hundruð fjölskyldur á Suðurnesjum fengu mataraðstoð fyrir helgi og þurfti að vísa um fimmtíu frá á fimmtudaginn því það var ekki nóg til. „Manni finnst þetta bara orðið svo ljótur heimur. Það vantar alla samkennd í fólk og kærleika sem var hérna á árum áður. Þetta eru orðnir breyttir tímar," segir Anna Valdís.

Nánar er rætt við Önnu Valdísi á frettabladid.is. **– mhj**

Jafnvægi í sjónmáli í lok 2022

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Íslandsbanka má vænta heilbrigðs vaxtar frá og með næsta ári takist að koma böndum á COVID-19 faraldurinn fyrir næsta sumar. Ísland lítur vel út í erlendum samanburði.

VIÐSKIPTI Ef tök nást á COVID-19 faraldrinum má vænta heilbrigðs vaxtar frá og með 2021. Þetta kemur fram í Þjóðhagsspá Íslandsbanka 2020–2022. Hagvaxtarspáin miðar við að bóluefni verði í almennri dreifingu fyrir næsta sumar. Búast má þá við 8,6 prósenta samdrætti í ár, 3,1 prósents hagvexti á því næsta og 4,7 prósenta hagvexti árið 2022. Spáin er mildari en í vor, þá spáði bankinn 9,2 prósenta samdrætti í ár.

Bati í ferðaþjónustu hefur mest að segja um hve hratt dregur úr atvinnuleysi, í ár má búast við 7,8 prósenta meðaltalsatvinnuleysi, að það fari niður í 7,6 prósent á næsta ári og 4,7 prósent árið 2022. Bankinn spáði meira atvinnuleysi í ár í maí, segir í spánni að meðal annars muni um sterkari vinnumarkað í sumar en vænst var og minnkandi atvinnuþátttöku.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir að ef til átaka kemur á vinnumarkaði verði vöxtur hægari. „Ef þau myndu dragast á langinn þá myndu þau auka enn frekar á erfiðleikana í vetur, án þess að hafa gert nákvæma tölulega greiningu á því má búast við að atvinnuleysi yrði þrálátara og vöxturinn hægari þegar liði á næsta ár," segir hann.

Spáð er að útflutningur vöru og þjónustu minnki um 27,2 prósent á þessu ári en aukist um 10,1 prósent á því næsta. Þá má búast við 2,7 prósenta verðbólgu að meðaltali á þessu ári og því næsta, 1,9 prósenta árið 2022.

Bankinn spáir að einkaneysla skreppi saman um 3,3 prósent í ár, má svo búast við 1,6 prósenta vexti á næsta ári og að 4,7 prósenta vöxtur verði í einkaneyslu árið 2022.

Þá er gert ráð fyrir að raunverð íbúða standi í stað á þessu ári en lækki um 1 prósent á næsta ári en hækki svo aftur árið 2022 og verði á svipuðum stað og í fyrra. Mikill samdráttur í nýbyggingum á fyrstu byggingarstigum á árinu bendir til dvínandi framboðs nýbyggðra íbúða þegar lengra líður á spátímann. Mun það, ásamt minnkandi atvinnuleysi og hraðari vexti kaupmáttar, vega til hækkunar íbúðarverðs með tímanum.

Spáð er að ferðamenn verði 800 þúsund á næsta ári og fleiri en milljón árið 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Við verðum í sterkri stöðu. Vextir verða áfram lægri en þeir hafa verið áratugum saman, það mun ýta hlutunum hraðar áfram en ella.**

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka

Erlendir ferðamenn voru tæplega 2 milljónir talsins á síðasta ári, búast má við að í ár verði þeir undir 500 þúsundum. Spáð er að ferðamenn verði 800 þúsund á næsta ári og allt að 1,2 milljónir árið 2022. Það getur tekið einhvern tíma fyrir fólk að vilja ferðast á ný, þá má gera ráð fyrir að fargjöld hafi hækkað í verði.

Jón Bjarki segir að nú komi sér vel að hafa sterkan grunn, svokallaðan vetrarforða. „Í ljósi þess hvað við fengum þungan skell á stærstu útflutningsgreinina þá tel ég að við höfum burði til að fara miklu léttar í gegnum sveifluna núna en fyrir áratug síðan, hvað þá ef litið er lengra aftur í tímann. Þrátt fyrir allt, þá höfum við burði til að lenda á fótunum eftir kreppuna núna og útlitið er ágætt þegar fram í sækir með þeim fyrirvara að við vitum ekki nákvæmlega hvernig þessi faraldur mun þróast," segir hann.

Ísland lítur vel út að þessu leyti í erlendum samanburði. „Mörg lönd í kringum okkur eru til dæmis að byrja þar sem við endum með ríkisskuldir, einhvers staðar í kringum 60 prósent af landsframleiðslu," segir Jón Bjarki. „Það má heldur ekki gera lítið úr samheldninni í samfélaginu, við höfum ekki séð fjöldamótmæli við ákvörðunum stjórnvalda á þessu ári eða séð neitt djúpstæða óánægju með stefnuna sem hefur verið farin til að takast á við faraldurinn."

Jón Bjarki segir að við lok spátímans sé stutt í að jafnvægi verði komið á hagkerfið. „Við verðum í sterkri stöðu. Vextir verða áfram lægri en þeir hafa verið áratugum saman, það mun ýta hlutunum hraðar áfram en ella."

arib@frettabladid.is

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir

Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn og Íslendingar elska!

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
209.900 kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Hert tök gegn COVID. MYND/GETTY

Sóttvarnir hertar í Osló

COVID-19 Gripið hefur verið til hertra sóttvarnaaðgerða í Osló vegna útbreiðslu kórónaveiru þar. Meðal annars verður skylt að bera grímu í almenningsfarartækjum þar sem ekki er hægt að halda einum metra milli manna.

Skylt verður að skrá niður nöfn þeirra sem heimsækja veitingastaði í Osló.

Þá verður skylt að skrá niður þá sem heimsækja veitingastaði og slíka staði. Bann er lagt við því að fleiri en 50 komi saman innanhúss þar sem hver og einn hefur ekki sitt sæti. Þeir sem sinna heimahjúkrun verða að bera grímu sé ekki unnt að halda fjarlægð.

Nýju reglurnar gilda til 13. október og verða þá endurmetnar af borgaryfirvöldum. **– gar**

Skattamál í brennidepli. MYND/GETTY

Hafi vikið sér undan skatti

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti greiddi einungis 750 Bandaríkjadali í skatt árið 2017, sem samsvarar tæpum 105 þúsund krónum, að því er fram kemur í umfjöllun New York Times.

Skuldirnar hrannast upp hjá Trump og senn er komið að skuldadögum ef marka má umfjöllun Times. Trump tók meðal annars 100 milljóna dala lán árið 2012. Ekkert hefur verið greitt inn á höfuðstól lánsins og er gjalddagi þess árið 2022.

„Falsfréttir!“ skrifaði Donald Trump á Twitter eftir að umfjöllun Times fór í loftið. **– ilk**

Umdeildu innflytjendafrumvarpi hafnað í Sviss

SVISS Umdeildu frumvarpi Svissneska þjóðarflokksins um innflytjendamál var hafnað með afgerandi hætti í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag. 62 prósent kusu gegn frumvarpinu en 38 með því. Ef frumvarpið hefði orðið að veruleika væri samningur milli Sviss og Evrópusambandsins um frjálsa för fólks úr sögunni.

„Þetta var slagur á milli Davíðs og Golíats. En við munum halda áfram að berjast og ná aftur yfirráðum í innflytjendamálum okkar,“ sagði Marco Chiesa, formaður Svissneska þjóðarflokksins, þegar niðurstöðurnar lágu fyrir.

Tvíhliða samband er rétta leiðin fyrir Sviss og Evrópusambandið. Svissneska þjóðin hefur ítrekað það í dag.

Karin Keller-Sutter, dómsmálaráðherra

„Tvíhliða samband er rétta leiðin fyrir Sviss og Evrópusambandið. Svissneska þjóðin hefur ítrekað það í dag,“ sagði Karin Keller-Sutter, dómsmálaráðherra og þingmaður Frjálslynda flokksins. Hafi margir kjósendur haft áhyggjur af efnahagslegum afleiðingum þess að missa samninginn við Evrópusambandið og að missa dýrmætt vinnuafl.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru mjög algengar í Sviss. Kosið var um ýmis önnur mál þó að innflytjendafrumvarpið hafi verið það umtalaðasta. Meðal annars var tveggja vikna feðraorlof samþykkt í fyrsta skipti í landinu, sem og að kaupa nokkrar orrustuþotur fyrir flugherinn. Frumvarpi um að fækka í stofni úlfa og annarra villtra dýrategunda var hins vegar hafnað. **– khg**

Fleiri konur að missa vinnuna

Atvinnuleysi kvenna eykst hratt sem skýrist af mörgum uppsögnum í þjónustu og menningartengdri starfsemi. Sérfræðingur Vinnumálastofnunar býst við að almennt atvinnuleysi nái hámarki um áramót.

ATVINNULÍF Viðsnúningur hefur orðið á atvinnuleysisskrá frá því í vor og nú missa fleiri konur vinnuna en karlar. Er atvinnuleysi meðal kvenna nú hálfu prósentustigi meira en meðal karla, en þegar fyrri bylgja faraldursins gekk yfir í vor voru þær einu prósentustigi undir. Mestur er munurinn á Suðurnesjum, þar sem atvinnuleysi kvenna er fimm prósentum meira en hjá körlum.

Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun, segir þetta eiga sér skýringu í auknum uppsögnum í ýmissi félagaþjónustu og menningartengdri starfsemi. Iðnaður, sjávarútvegur og fleiri greinar þar sem karlmenn eru í miklum meirihluta komi betur út úr faraldrinum. Athygli vekur að atvinnuleysi kvenna eykst skarpt þó að ekki hafi verið mikil aukning úr heilbrigðisgreinum eða menntun á skránni.

Atvinnuleysi var 8,5 prósent í lok ágústmánaðar og 9,4 þegar þeim sem eru í lækkuðu starfshlutfalli er bætt við, samanlagt rúmlega 21 þúsund manns. Er þetta aukning um 0,6 prósent frá júlímánuði. Þessi aukning skýrist að stórum hluta af því að fólk sem sagt var upp í vor hafi verið að ljúka uppsagnarfresti. „Í byrjun sumars áttum við von á að þessi hækkun yrði minni en þegar líða tók á sumarið vorum við farin að sjá þetta fyrir,“ segir Karl.

Býst Karl við stöðugri hækkun fram að áramótum og að atvinnuleysi verði þá í kringum tíu til ellefu prósent. Erfiðara sé að segja til um næsta ár þar sem ástandið vegna heimsfaraldursins er hverfult, en hann býst við því að ekki verði miklar breytingar frá áramótum fram í mars. Það sé þróun atvinnuleysis í venjulegu árferði.

„Við erum frekar bjartsýn á að það fari að rofa til í apríl og maí og atvinnuleysi fari þá minnkandi,“ segir hann.

Viðsnúningur hefur orðið í atvinnuleysishlutfalli kynjanna frá því í vor. Áður voru karlarnir fjölmennari. MYND/GETTY

Við erum frekar bjartsýn á að það fari að rofa til í apríl og maí og atvinnuleysi fari þá minnkandi.

Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun

Eins og áður eru það ferðaþjónustan og flugtengdar greinar sem fara verst út úr faraldrinum. Rúmur þriðjungur á atvinnuleysisskrá kemur úr þessum greinum. Aðeins á Vestfjörðum standa tölurnar í stað en aukningin er á bilinu 0,2 til 0,6 prósent víðast hvar á landinu. Á Suðurnesjum jókst atvinnuleysi um 1,5 prósent milli mánaða.

Langtímaatvinnuleysi hefur aukist mikið frá því í fyrra, úr 1.379 í 3.051 hjá þeim sem hafa verið án atvinnu í meira en eitt ár. Aukningin er svipuð hjá þeim sem hafa verið atvinnulausir í meira en hálft ár. Um 40 prósent atvinnulausra eru erlendir ríkisborgarar og langstærstu hóparnir Pólverjar og Litháar.

Stjórnvöld framlengdu hlutabótaleiðina fram að áramótum. Í aprílmánuði voru tíu prósent vinnufærra á þeirri leið en hlutfallið hefur síðan lækkað skarpt. Þrjá mánuði í röð hefur tæplega eitt prósent verið á hlutabótaleið og gerir Karl ekki ráð fyrir öðru en að það haldist fram að áramótum. „Þetta er úrræði sem nýtist ekki mörgum. Það þarf alltaf að greiða hálf laun og atvinnurekendur nota þetta ekki nema þeir sjái fram á að reksturinn komist í gang aftur innan tveggja eða þriggja mánaða.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Bókaðu þægilegri bankaþjónustu

Með því að bóka tíma losnar þú við biðina í útibúinu, hvort sem erindið snýst um ráðgjöf eða aðra þjónustu. Þú byrjar á að fara á **arionbanki.is/bokafund** og panta símtal. Við hringjum svo í þig og finnum tíma sem hentar. Markmiðið er alltaf að bankaþjónustan sé eins þægileg og hægt er.

arionbanki.is

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS-HLUTUM OG ÓDÝRASTA ELDS-NEYTI LANDSINS Á DALVEGI, REYKJAVÍKURVEGI OG Á MÝRARVEGI, AKUREYRI

SKILYRÐISLAUST

Orkan - Ódýrt fyrir alla

ORKAN

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Eftirlæti íhaldsins

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Fyrir viku lýsti ég hér áhyggjum af mögulegu vali Bandaríkjaforseta á hæstaréttardómara. Nú, sléttum fimm vikum fyrir forsetakosningar þar í landi, hefur ótti minn og fjölmargra verið staðfestur.

Á laugardaginn tilnefndi Trump Amy Coney Barrett sem eftirmann Ruth Bader Ginsburg. Amy er þriðji hæstaréttardómarinn sem Donald Trump tilnefnir í valdatíð sinni og ef tilnefning hennar hlýtur náð fyrir þinginu er hætta á að dómstóllinn hallist enn frekar í átt að íhaldssömum gildum.

Amy hefur verið kölluð eftirlæti íhaldsins enda strangtrúaður kaþólikki sem hefur greitt harðri útlendingalöggjöf Trumps atkvæði, er fylgjandi rýmri heimildum til byssueignar og talin líkleg til að kjósa gegn Obamacare, almannatryggingakerfi sem forveri Trumps kom af stað.

Amy er jafnframt sjö barna móðir sem trúir því að líf hefjist við getnað og er því í sérlegu uppáhaldi hjá þeim sem vilja afnema Roe v. Wade sem verndað hefur rétt bandarískra kvenna til þungunarrofs frá árinu 1973. Hún er meðlimur í kaþólska söfnuðinum People of Praise sem meðlimir gera ævilangan sáttmála við. Söfnuðurinn hætti nýverið að nota orðið „handmaid“ um kvenkyns trúarráðgjafa sína. Líklega er ég ekki sú eina sem fær kaldan hroll við þessa tengingu við bókina The Handmaid's Tale eftir Margaret Atwood. Í þeirri bók er frjósömum konum haldið sem barneignaþrælum og kallaðar „handmaids“.

Samkvæmt stefnu safnaðarins er boðun Nýja testamentisins um að karlinn sé höfuð fjölskyldunnar fylgt og hjónaband og fjölskylda stofnuð af karli og konu. Tilnefning Trumps hefur því verið gagnrýnd af þeim sem standa vilja vörð um rétt kvenna til þungunarrofs og forsvarsmönnum LGBTQ-samfélagsins.

Til þess að átta sig almennilega á þeirri vá sem nú steðjar að einu valdamesta ríki heims er mikilvægt að átta sig á að þar er jafnrétti kynjanna hvergi nærri náð. Heilbrigðisþjónusta er lúxus hinna efnameiri og fordómar og misrétti gagnvart LGBTQ-fólki er því miður enn við lýði og oftar en ekki undir yfirskyni trúar.

Trump rær nú öllum árum að því að fjallað verði um tilnefningu Amy fyrir kosningarnar eftir fimm vikur. Er sú flýtimeðferð algjörlega á skjön við það sem Repúblikanar úrskurðuðu þegar Obama tilnefndi Merrick Garland árið 2016. Ákvörðunin um að næsti forseti, sem varð svo Trump, skyldi tilnefna næsta dómara, stóð. Þá lá nú aldeilis ekki á að finna eftirmanninn.

Að 48 ára gömul sjö barna móðir sé tilnefnd af karli sem iðkar kvenfyrirlitningu eins og um keppnisíþrótt sé að ræða, gæti hljómað eins og framfaraskref í eyrum einhverra.

Því fer því miður fjarri. Ef Trump nær að koma Amy Coney Barrett í hæstarétt er hætt við að rétturinn færist tugi ára aftur á bak.

> Söfnuðurinn hætti nýverið að nota orðið „handmaid“ um kvenkyns trúarráðgjafa sína.

Halldór

Frá degi til dags

Uppskerutími
Haustið er tími uppskerunnar og bændur og búalið keppast við að ná uppskeru í hús fyrir fyrstu frost. Kartöflur, kál, gulrætur og korn. En þetta er ekki allt. Á umferðareyjum í þéttbýlinu huga frístundabændur að svepparæktinni og virðast uppskera ríkulega. Það má draga í efa að uppskeran sú sé jafnheilnæm og hin en íslensk framleiðsla er það engu að síður. Það er í takti við tilmæli sem nú berast um að beina beri viðskiptum frá útlöndum.

Helgi alla daga
Í byrjun árs var Helgi Björns helst þekktur sem maðurinn sem syngur lagið Ef ég nenni í aðdraganda jóla. Í vor, þegar allir voru fastir heima að bíða eftir ragnarökum, kom hann inn á hvert heimili og söng. Í dag heldur hann áfram að koma heim til okkar á hverjum laugardegi og ekki nóg með það, heldur á hann núna Sjálfstæðisflokkinn á sunnudagskvöldum í Ráðherranum. Hefur hann nú þegar tekið yfir tvö kvöld vikunnar. Má búast við að í kvöld lesi hann fréttirnar, á morgun bætast við dánarfregnir og jarðarfarir. Um mánaðamótin tekur hann við hlutverkum Audda og Steinda á Stöð 2. Fast á eftir fylgja veðurfréttir. Ef svo fer sem horfir verður hann með lestur jólakveðja og nýársávarpið.

Sjálfbærni og fjárfestingar

Tómas Njáll Möller
formaður Festu og yfirlögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Með Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna 2015-2030 settu öll þjóðríki heims sér 17 skilgreind markmið varðandi loftslagsmál og sjálfbæra þróun. Markmiðin krefjast virkrar þátttöku fjárfesta og fyrirtækja sem lúta gjarnan lögsögu margra ríkja. Vel rekin fyrirtæki horfa til langs tíma. Það leiðir þó meðal annars af umhverfi fjármálamarkaða að áherslan er oft á skemmri tíma, jafnvel ársfjórðunga. Hins vegar krefst náttúran, sem fyrirtæki starfa í, þess að horft sé til mun lengri tíma, áratuga og alda. Þetta bil þarf að brúa. Þó stofnanafjárfestar þurfi almennt að horfa til langs tíma vegur áhersla á skammtímaárangur oft þungt. En síðustu ár hafa alþjóðlegir fjárfestar lagt aukna áherslu á langtímasýn og sjálfbærni við eignastýringu og áhættustýringu. Íslenskir fjárfestar eru hluti af þessu alþjóðlega samfélagi fyrirtækja og fjárfesta.

Föstudaginn 25. september síðastliðinn undirrituðu forsætisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og aðilar sem fara fyrir hátt í 80 prósentum af eignum á íslenskum fjármálamarkaði „Viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar“. Að verkefninu standa einnig Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, Landssamtök lífeyrissjóða og Samtök fjármálafyrirtækja.

Í viljayfirlýsingunni kemur fram að sjálfbær þróun sé meðal undirstöðuatriða við fjárveitingar, fjárfestingar og útlánastarfsemi. Sjálfbær þróun sé meðal leiðarljósa við ráðstöfum fjármagns og vísað er til viðmiða sem íslensk stjórnvöld og fjárfestar vinna eftir. Þá er til samræmis við áherslur víða erlendis vísað til þess að sjálfbær þróun er mikilvægt leiðarljós í því uppbyggingarstarfi sem fram undan er vegna áhrifa COVID-19.

Áhersla á sjálfbærni styður við trausta ávöxtun og langtímahagsmuni fyrirtækja og felur í sér margþætt nýsköpunar-, viðskipta- og atvinnutækifæri.

Viljayfirlýsingunni um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar verður fylgt eftir með upplýsingagjöf, skoðanaskiptum, fræðslu og öðrum hætti.

> Hins vegar krefst náttúran, sem fyrirtæki starfa í, þess að horft sé til mun lengri tíma, áratuga og alda. Þetta bil þarf að brúa.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is
LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

Innleiðum jákvæða reynslu krefjandi tíma á vinnustaði framtíðarinnar

Inga Hanna Guðmundsdóttir
mannauðsstjóri EFTA

Í meira en hálft ár hafa stjórnvöld í Belgíu mælst til þess að allir vinnustaðir sem eiga þess kost láti starfsmenn sína vinna að heiman til að sporna gegn útbreiðslu COVID-19. Hér, eins og annars staðar, þurfti að hafa hröð handtök við að koma upp búnaði til heimavinnu og tryggja viðunandi vinnuaðstöðu sem fáum hugkvæmdist að þyrfti að nota svo mánuðum skipti.

Þrátt fyrir að við hefðum gefið margt til að sleppa við COVID er hægt að líta til jákvæðra breytinga sem ástandið hefur haft á starfsumhverfi. Vinnustaðir framtíðarinnar verða án efa með öðru sniði en þeir voru fyrir 2020 og það er okkar að skilgreina hvað við viljum læra af reynslunni og gera með nýjum hætti fremur en að bíða og sjá hvað setur.

Allt er gott í hófi

Ekki sér fyrir endann á þeim áhrifum sem veiran hefur á daglegt líf í Belgíu sem er enn langt frá því sem áður taldist vera eðlilegt. Til skamms tíma var hægt að halda þetta út með því að setja aukinn kraft í netsaumaklúbba og netættarmót en þær miklu hömlur sem okkur eru settar hafa í för með sér að félagsleg samvera og samskipti eru mjög af skornum skammti og hætta myndast á að fólk taki að einangrast í litlum heimi innan fjögurra veggja þar sem það ver tíma með fjölskyldunni, vinnur við tölvuna, fær afþreyingu í gegnum tölvuna eða sjónvarpsskjá og verslar á netinu. Enginn fullorðinn má fara út fyrir hússins dyr nema með andlitsgrímu, svo nánast er útilokað að bera kennsl á kunningja á förnum vegi nema augnaráðið eða hárgreiðslan séu með einhverjum hætti afgerandi.

Mikilvægi vinnustaða

Nú er kjörið tækifæri til að velta fyrir sér hversu mikilvægir þættir í lífi okkar vinnan og vinnustaðurinn eru. Í Brussel þykir nokkuð vel sloppið ef hægt er að komast í vinnuna á 30-60 mínútum. Margir áttuðu sig á því þegar heimavinna tók yfir að þrátt fyrir að hafa áður fyrr talið eftir „tapaðan“ ferðatíma kom í ljós að ákveðinn söknuður væri að honum, enda er þetta stundum eini tími dagsins sem hægt er að nota til að hlusta á sögur, podköst, lesa í lestinni eða kúpla sig út andlega. Mikilvægur þáttur þess að fara í vinnuna felst líka í því að skipta um umhverfi, keyra, hjóla, ganga eða nota almenningssamgöngur til að komast á vinnustaðinn, að hitta vinnufélaga, ræða fréttir dagsins og skiptast á skoðunum, að hafa alvöru aðstöðu til að sinna starfinu, ótengda einkalífi eða heimili, sem auðveldar að skilja á milli.

Þótt nú sé ekki með öllu bannað að fara á skrifstofuna er tilganginum með því ekki fyllilega náð þegar samstarfsmenn eru hikandi við að nýta sér almenningssamgöngur til að komast á svæðið og þeir halda sig því frekar heima. Vinnustaður er ekki bara hús, skrifstofa eða tæknibúnaður, heldur er hann að verulegu leyti samfélag. Tíminn sem við verjum með samstarfsfólki okkar er umtalsverður og er mikilvægur í störfum okkar og starfsánægju. Þótt gott sé að fá stundum frið til að einbeita sér, eru oftar en ekki bæði formleg og óformleg samskipti á vinnustaðnum uppspretta nýrra hugmynda, aðferða og tengsla. Þessu er erfitt að líkja eftir með rafrænum hætti og er mikill missir að.

Mannauðurinn lykilþáttur

Hvert og eitt okkar hefur sýnt og sannað að við getum aðlagast breytingum hratt og vel auk þess að hafa frumkvæði að nýjum leiðum til að leysa úr verkefnum. Við eigum ekki í nokkrum vanda með að nota nýjar lausnir sem fjarvinna byggist á, breytum ferlum, sýnum frumkvæði og erum lausnamiðuð. Það traust sem hefur skapast milli stjórnenda og starfsmanna, sem og eigin reynsla stjórnenda af því að vinna að heiman, er gríðarlega mikilvæg. Með sveigjanleika og metnaði til að skila af sér góðu starfi hefur verið sýnt og sannað að tímabært og eðlilegt er að taka nýja nálgun á stefnu um samspil fjarvinnu og viðveru á vinnustað.

Þrátt fyrir að breytingarnar hefðu ekki verið gerlegar án fullnægjandi tæknilausna, er mannauðurinn lykilatriði í þeim árangri sem hefur náðst á vinnustöðum. Sveigjanleiki starfsmanna, þekking og aðlögunarhæfni að nýjum aðstæðum er lykilþáttur í árangri á tímum sem þessum. Þegar COVID-váin rénar ætti sú braut sem nú hefur verið rudd að vera sjálfsagður hluti vinnuumhverfis sem fellur í hlut stjórnenda vinnustaða að skapa.

Nýr raunveruleiki eftir 2020

Eftir að hafa unnið mestmegnis að heiman mánuðum saman og upplifað töluvert miklar hömlur á mannlegum samskiptum, menningarviðburðum og ferðalögum, hvort sem er í einkalífi eða starfi, er ég sannfærð um að fleiri en ég finna fyrir auknum merkjum félagssveltis. Notum tækifærið sem nú gefst til að velta fyrir okkur hvert mikilvægi tengslanets okkar er og hlökkum til að næra það í nýjum raunveruleika sem við mótum í sameiningu með reynsluna að leiðarljósi.

Ljósið í eldhúsinu

Guðjón S. Brjánsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Þetta markmið um jöfnuð á flutnings- og dreifikostnaði hefur engan veginn náðst.

Það kostar margfalt meira að kveikja ljós í eldhúsinu hjá vini mínum í Strandabyggð en heima á Akranesi. Er á þessu einhver skynsamleg og sanngjörn skýring? Nei, ekki þegar um er að ræða sjálfsagða grunnþörf hvers heimilis í nútímasamfélagi.

Lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku tóku gildi árið 2004 og áttu að jafna í stórum dráttum verð á raforku til notendanna sem búa vítt og breitt um landið.

Þetta markmið um jöfnuð á flutnings- og dreifikostnaði hefur engan veginn náðst. Síðasta áratug hefur bilið þvert á móti stöðugt aukist og mismunað íbúum landsbyggðar með stórfelldum hætti. Gjaldskrár í dreifbýli hafa hækkað ört miðað við hækkanir í þéttbýli sem leitt hefur til þess að bilið milli dýrasta þéttbýlis og meðalverðs í dreifbýli hefur aukist háskalega og kostnaðarmunur nemur nú jafnvel 60%.

Ein samræmd gjaldskrá fyrir alla landsmenn er eðlileg réttarbót fyrir íbúa landsbyggðar sem á sviði orkumála standa mjög höllum fæti á köldum svæðum. Auk þess búa þeir við tíðari rafmagnstruflanir en flestir þéttbýlisstaðir – og hvað segir þessi hrópandi mismunun um nýsköpunarmöguleika á landsbyggðinni?

Í ljósi þess að uppspretta raforku er vítt og breitt um landið er sjálfsögð krafa að þessi sameiginlega auðlind nýtist landsmönnum á samræmdum kostnaðarlegum forsendum, hvar sem þeir eru í sveit settir. Í dag ríkir sláandi ójafnræði milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Það eru yfirlýst markmið stjórnvalda að jafna eins og kostur er búsetuskilyrði um land allt en þetta eru bara orðin tóm. Með samræmingu raforkuverðs yrði hins vegar stigið raunverulegt skref í þá átt, bæði hvað varðar einstaklinga, fjölskyldur og atvinnustarfsemi sem býr að flestu leyti við erfiðari skilyrði en á þéttbýlli svæðum.

Margir muna enn eftir þeim tímum þegar mikill ójöfnuður ríkti varðandi símanotkun og skrefatalningu þegar langlínusamtöl giltu fyrir landsbyggðina. Þetta var afnumið með lögum á Alþingi síðla árs 1996. Eftir það hefur gjald fyrir talsímaþjónustu verið óháð búsetu og innheimta sérstaks álags vegna langlínusímtala óheimil. Þannig á þetta líka að vera varðandi umgjörð raforkumála og það eru nokkrar leiðir að þessu marki. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun beita sér í þessu efni á komandi þingi.

Það er sjálfsögð réttlætiskrafa að lífskjör þjóðarinnar séu sem jöfnust óháð búsetu. Í þeim tilgangi þarf að tryggja eins og kostur er að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta standi til boða á sama verði hvar sem er á landinu. Raforka á ekki að vera þar undanskilin.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. SEPTEMBER 2020 ÞRIÐJUDAGUR

Merkisatburðir

1906 Landssími Íslands tekur til starfa. Hannes Hafstein ráðherra sendir konungi fyrsta símskeytið um nýlagðan neðansjávarstreng.

1974 Auður Eir Vilhjálmsdóttir verður fyrst kvenna prestur á Íslandi þegar hún er vígð til Staðar í Súgandafirði.

1981 Þrjátíu og átta angórakanínur eru fluttar með flugvél til Íslands í ræktunarskyni.

1990 Nesjavallavirkjun í Grafningi er gangsett. Fyrsti áfangi hennar er 100 megavött.

1996 Jarðskjálfti upp á 5 stig á Richter finnst við Bárðarbungu.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Valgerðar Guðmundsdóttur

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Engey á Hrafnistu fyrir góða umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,
Harpa Ólafsdóttir
Vörður Ólafsson

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Íslenskunni til eflingar

Streymisveitan Viaplay hlaut viðurkenningu Íslenskrar málnefndar fyrir textun erlends efnis og útvarpsþátturinn Nýjar raddir á Rás 2 fyrir viðtöl við innflytjendur.

Íslensk málnefnd hefur stundum sent frá sér áminningar en hún vill ekki bara vera neikvæð heldur líka benda á það sem vel er gert íslenskunni til eflingar, segir Ármann Jakobsson, formaður nefndarinnar. Tilefnið er tvær viðurkenningar sem nefndin veitti nýlega og snerta báðar fjölmiðlun. Annars vegar útvarpsþáttinn Nýjar raddir og hins vegar erlenda streymisveitan Viaplay.

„Alexander Elliot var með þáttinn Nýjar raddir í sumar á Rás 2. Þar var hann með viðtöl við innflytjendur sem allir töluðu íslensku. Málnefndinni fannst þátturinn í anda okkar boðskapar, að lyfta undir það að fólk sem hér býr og starfar læri tungumálið. Baldvin Þór Bergsson dagskrárstjóri tók við verðlaununum því Alexander var í sóttkví," segir Ármann og snýr sér að streymisveitunni Viaplay. Segir að þar séu þýðingar regla en ekki undantekning, öfugt við til dæmis Netflix. „Þessar streymisveitur lúta ekki íslenskum lögum, því skiptir máli að almenningur halli sér að þeim sem bjóða upp á íslenskan texta. Þetta er svipað og ef maður vill hafa búð í hverfinu þá verður maður að versla við hana."

Það var Hörður Magnússon sem veitti verðlaunum Viaplay viðtöku. Ármann segir hann hafa unnið fyrir fyrirtækið og talað fyrir því það hefði íslensku með sínu efni. „En fyrirtækið er ekki með neinn fastan fulltrúa hér, sem segir okkur sitthvað um efnisveitur. Það er engin skrifstofa á Íslandi, ekkert númer á Íslandi sem hægt er að hringja í og enginn sem svarar tölvupósti fyrir þær á Íslandi. Þó nær Viaplay að vera með íslenskan texta og það er lofsvert."

Við afhendinguna: Baldvin Þór Bergsson, Hörður Magnússon og Ármann Jakobsson.

Málnefndinni fannst þátturinn í anda okkar boðskapar, að lyfta undir það að fólk sem hér býr og starfar læri tungumálið.

gun@frettabladid.is

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jóhannes Gíslason

Hafnargötu 73, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 21. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 6. október kl. 13. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina.

Adolf A. Jóhannesson
Ninna Jóhannesdóttir
Óli C. Jóhannesson
Gísli Ragnar Jóhannesson
Júliana Guðrún Ósk Jóhannesdóttir
og fjölskyldur.

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Guðlaugsson

fyrrv. verkstjóri,
Hofteig 22, Reykjavík,

lést laugardaginn 19. september á Hrafnistu í Reykjavík. Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 1. október kl. 13.00. Vegna aðstæðna verður útförin einungis fyrir nánustu fjölskyldu. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: https://youtu.be/DDGU6hpIM-c
Þökkum auðsýnda samúð.

Jóhanna Pálsdóttir
Páll Ragnar Guðmundsson **Guðrún Björk Bjarnadóttir**
Hákonía Jóhanna Guðmundsdóttir
Elín Bryndís Guðmundsdóttir **Grettir Hreinsson**
Guðlaugur Skúli Guðmundss. **Elizabeth Sargent**
og barnabörn.

Eiginmaður minn,

Kristófer Jakobsson

lést í september í fyrra í Búlgaríu. Jarðarförin hefur þegar farið fram þar ytra.

Ýr Margrét Lozanov

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

Guðrún Stefanía Brynjólfsdóttir

Daltúni 2, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 24. september á Landspítalanum, Kópavogi. Útförin verður auglýst síðar.

Hildur Brynja Andrésdóttir **Egill Örn Petersen**
Páll Jakobsson
Linda María, Guðrún Lilja og Róbert Nökkvi,
Jakob Felix og Andrea Arna

†

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Úlla Knudsen

Ystabæ, Hrísey,

lést í faðmi fjölskyldunnar 28. september.

Sæmundur Sæmundsson **Margrét Vala Kristjánsdóttir**
Unnur Sæmundsdóttir **Sveinn Þór Stefánsson**
Geir Sæmundsson **Erna Torfadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Aðalbjörg Vigfúsdóttir

frá Tjörnum, Skagafirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir 26. september.

Fyrir hönd ástvina,

Ágústa Fanney Snorradóttir
Gunnar Snorrason **Ólína I. Kristjánsdóttir**
Páll Snorrason **Grete Snorrason**
Gestur Snorrason **Martha Snorrason**
Halldóra Jóna Snorradóttir **Guðlaugur Kr. Birgisson**
Ragnar Snorrason **Helga Steinþórsdóttir**
Jónína Sóley Snorradóttir **Sigurður Bjarnason**
barnabörn og barnabarnabörn.

FÓLK
Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER 2020

Kristín segir að aðferðirnar sem kynntar eru í Lærum saman séu skemmtilegar, hvetjandi og veki áhuga barna á að læra meira. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Áhrifaríkar aðferðir við nám ungra barna

Nám ungra barna er hægt að gera að skemmtilegum leik með réttum aðferðum og líflegum námsgögnum. Með Lærum saman má örva áhuga barna, bæði til náms og þroska. Lærum saman fæst í öllum bókabúðum. →2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Allt efnið í Lærum saman-öskjunni er byggt á langri reynslu höfundarins í starfi með börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsíðu

Höfundur Lærum saman er sérkennarinn Kristín Arnardóttir, en áður hefur hún sent frá sér handbækurnar „Ég get lesið“ og „Tölur og stærðir í leik og starfi“, sem eru kennslugögn í leikskólum og grunnskólum víða um land. Hún hefur mikla reynslu af kennslu og hefur meðal annars kennt börnum af erlendum uppruna og börnum með skertan þroska sem þurfa mikinn stuðning við fyrstu stig lestrarnáms.

„Eftir útgáfu þessara tveggja bóka hafa ýmsir hvatt mig til að gera efni sem er handa börnunum sjálfum, því þessar bækur voru handa fullorðnum,“ segir Kristín. „Ég sendi því inn umsókn til Þróunarsjóðs námsgagna og fékk styrk þaðan og frá Hagþenki, sem var mikill heiður og viðurkenning.“

Vekur börn til umhugsunar

„Ég tek á móti sex ára börnum sem koma inn í grunnskóla á afskaplega mismunandi stigi. Sum eru harla lítið undirbúin fyrir það sem er að fara í gang á meðan önnur eru byrjuð að lesa,“ segir Kristín. „Mig langaði að miðla til foreldra og annarra auðveldum æfingum sem hjálpa til við að koma krökkum á sporið svo námið verði auðveldara.

Þetta getur fyrirbyggt að börnin finni sig ekki í lestrarkennslunni, verði leið og missi af lestinni. Það er gríðarlega mikilvægt að það gerist ekki og tiltölulega auðvelt að fyrirbyggja það. Ég kalla þetta stundum að vekja krakkana, því þetta vekur þau til umhugsunar um ýmislegt sem þau hafa lítið hugsað út í.“

Sögur af börnum fyrir börn

Í öskjunni með Lærum saman eru fjórar sögubækur, verkefnabók og fjölbreytt námsspil. Hljóðbækur fylgja öllum bókunum, sem og nokkur myndbönd, og hvort tveggja er aðgengilegt á vefnum laerumsaman.is.

„Nálgunin mín er að segja krökkum sögur af öðrum krökkum sem eru að læra eða gera eitthvað og það færir þetta nær þeim. Sögubækurnar fjalla um þrjú systkini á aldrinum fimm til átta ára, Siggu, sem er í grunnskóla og tvíburana Ásu og Þóri, sem eru að ljúka leikskóla, en krakkarnir fást við margt skemmtilegt til að undirbúa sig fyrir skólagönguna,“ segir Kristín. „Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar af Brimrúnu Birtu Friðþjófsdóttur sem nær að vekja áhuga og löngun barnanna til að læra meira með glaðlegum myndum.

Við köllum þetta námsgögn og margir leik- og grunnskólar nota námsefnið en það mætti kalla þetta leikföng og það er hægt að vinna með þetta heima við ekkert síður en í skólanum,“ segir Kristín. „Krakkarnir hlusta á sögurnar og svo vísar hver saga í eitthvað sem hægt er að gera í námsspilunum eða verkefnabókinni þannig að við taka alls kyns skemmtileg verkefni, leikir, föndur, spil eða æfingar sem hvetja krakkana til að gera ýmislegt eins og krakkarnir í sögunum.“

Fræðandi tómstundagaman

„Fólk sem er með börn á þessum aldri gæti til dæmis farið með þetta í sumarbústað til að sýsla við. Það er líka sniðugt fyrir ömmur og afa að vinna þetta efni með barnabörnunum. Þetta eru tómstundabækur, eins og til dæmis litabækur, en þarna er innihaldið faglega sett upp og nær því sem gerist í skólanum,“ segir Kristín. Þetta efni er fínt fyrir áhugasama leikskólakrakka. Þannig að þetta er mjög handhægt tæki fyrir þá sem vilja hjálpa krökkunum af stað, hvort sem það eru afi, amma, mamma, pabbi, leikskóli eða grunnskóli. Ekki síst hentar þetta börnum sem standa höllum fæti í námi.“

Lærum saman er fáanlegt í öllum bókabúðum og á vefsíðunni laerumsaman.is

Í verkefnabókinni sem fæst í lausasölu eru þroskandi föndur, leikir og spil. Viðfangsefni til að klippa, líma, lita, tengja, skrifa, spora, teikna, telja, reikna, leira, perla, þræða, sauma og fleira. Í verkefnabókinni eru líka lestrardrekar og lestrarstrimlar, stafahús og fleira skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/SGTRYGGUR ARI

Með spilunum er hægt að spila samstæðuspil, svarta Pétur, veiðimann eða bingó. Í einum pakkanum eru stafabangsar með íslensku bókstöfunum. Í öðrum eru myndaspil, þrjár myndir fyrir hvern bókstaf. Í þeim þriðja eru orðaspil og loks einfalt samlagningarspil. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Í öskjunni með Lærum saman eru fjórar sögubækur, verkefnabók og fjölbreytt námsspil. Hljóðbækur fylgja öllum bókunum, sem og nokkur myndbönd, og hvort tveggja er aðgengilegt á vefnum. MYND/KRISTÍN ARNARDÓTTIR

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Útfararþjónusta

ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER 2020

Kynningar: Húsasmiðjan, Útfararstofa kirkjugarðanna, Borg, útfararþjónusta

Díana Allansdóttir, deildarstjóri í Blómavali, hefur unnið í fimmtán ár við gerð útfararkransa og -skreytinga í Blómavali sem fagnar 50 ára afmæli á fimmtudaginn, 1. október. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Blóm hugga og sefa sorgina

Blómaval hefur í hálfa öld útbúið glæsilega útfararkransa og útfararskreytingar sem veita syrgjendum huggun og bera kærar kveðjur, hjartans þökk og virðingarvott á hinstu kveðjustund. →2

Díana segir útfararkransa oft fela í sér liti sem voru í uppáhaldi hjá þeim látnu í lifanda lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kransar í fánalitunum þykja viðeigandi á kveðjustund en hvítur litur sem táknar sorg og samúð er ríkjandi í útfararkrönsum sem og mildir pastellitir.

Blómahjörtu eru vinsæl í útfarir þegar yngra fólk kveður sem og elskendur.

Framhald af forsíðu

Blóm: þau tala, hugga og sefa sorgina því þau tala bæði til þess sem lifði og þeirra sem eftir lifa," segir Díana Allansdóttir, blómaskreytir og deildarstjóri í Blómavali. Þar hafa forkunnarfagrir útfararkransar verið settir saman af listfengi í hálfa öld.

„Með blómum er svo margt sagt, ekki með orðum, heldur litum og fegurð. Hvíti liturinn er sígildur og hughreystir í mildi sinni. Hann táknar sorg, samúð, söknuð, hlutttekningu og hreinleika. Svo bætast við litir í kransana sem segja annað og meira, eins og rauðar rósir sem tákna ástina," útskýrir Díana.

Hún liðsinnir syrgjendum við að velja blóm í kransa.

„Margir eru daprir og eiga erfitt með að festa hugann við blómavalið og þá er dýrmætt og gefandi fyrir okkur í Blómavali að geta stutt fólk í gegnum þungbær skref. Því fylgir mikil hugsun að velja blóm í útfararskreytingar og það er okkar að hlusta, taka vel eftir og koma með hugmyndir. Við veitum þá þjónustu af alúð og hluttekningu."

Fánalitirnir þykja viðeigandi

Tískan fer í hringi í blómavali líkt og fatavali.

„Í dag eru allir litir og blóm í móð, allt frá villtum blómum yfir í litríka blómakransa og svo blóm í mildum pastellitum eins og með nýju föllillabláu antíkrósinni sem heillar marga. Vinsældir íslensku fánalitanna hafa líka sótt í sig veðrið. Það þykir viðeigandi að hvít, blá og rauð blóm fylgi með hinstu kveðju til Íslendings, tákn um fósturjörðina sem ól af sér hinn látna," segir Díana og bætir við: „Þessi siður er ekki bara við lýði hjá Íslendingum því þetta á einnig við um önnur þjóðerni, eins og til dæmis Pólverja sem velja gjarnan hvíta og rauða kransa við útfarir sinna nánustu."

Margir velji liti sem tengjast persónu og smekk hins látna.

„Ef hann eða hún var litaglöð manneskja í lifanda lífi endurspeglast litadýrðin í útfararkransinum. Margir voru náttúruunnendur og þá eru valdir villtir náttúrulitir og greinar. Það er fagurt að hafa kransinn í anda hins látna en líka áhugavert að leyfa börnum að velja blóm fyrir ástvini sína og leyfa þá þeirra karakter að skína í gegn, eins og hjá afastelpunni sem valdi bleikt blómahjarta fyrir jarðarför afa síns því það er uppáhalds liturinn hennar," segir Díana.

Eftir að bálfarir urðu algengari tóku við minni blómakransar utan um kerið.

Bálfarir kalla á minni kransa

Útfararþjónusta Blómavals byggir á breiðum grunni og Díana fylgist vel með erlendum nýjungum í útfararskreytingum- og kveðjukrönsum.

„Íslendingar hafa þó sinn háttinn á og vilja hafa hlutina öðruvísi en gengur og gerist ytra. Til dæmis eru borðar á krönsum látnir liggja á gólfum úti á meðan Íslendingar vilja geta lesið hinstu kveðjur á borðum kransanna og frá hverjum kveðjan er," upplýsir Díana.

Þar sem bálfarir hafa orðið æ algengari hér á landi hafi þurft nýja hugsun í útfærslu bálfararkransa.

„Á útfarardegi eru pantaðir stórir blómakransar en þegar kemur að bálfarardeginum sjálfum fylgir því sérstök athöfn. Þá eru pantaðir minni blómakransar og blómahjörtu þar sem duftkerið er sett í miðju kransins við athöfnina. Það kemur vel út og setur fallegan brag á athöfnina."

Gefandi að færa blómin heim

Díana segir mikinn stíganda í útfararkrönsum og -skreytingum.

„Við erum oftar en ekki með þrjá til fimm kransa í sömu útförinni ásamt blómvöndum en þá hefur fólk val um að taka þá með sér heim. Þeir sem senda útfarar-

> **Íslendingar vilja hafa sinn háttinn á í útförum og geta lesið hinstu kveðju á borðum kransanna og frá hverjum kveðjan er. Þá þykir við hæfi að fánalitir í blómakrönsum fylgi Íslendingi til grafar, tákn um fósturjörðina sem ól af sér hinn látna.**

kransa í jarðarfarir eru yfirleitt nánasta fjölskylda, vinir og ættingjar en færst hefur í vöxt að vinnuveitendur og vinnufélagar gefi veglega blómakransa sem fara fyrst í kirkjuna og síðan á gröfina."

Blómaval býr líka til fallegar blóma- og kertaskreytingar fyrir erfidrykkjur og til heimsendingar.

„Margir senda samúðarskreytingu heim til eftirlifenda í stað blómvandar því viðtakandinn fær kannski tíu vendi og á ekki fleiri blómavasa til. Þá er gott að fá kerta- og blómaskreytingu í staðinn, sem er notalegt að kveikja á í minningu hins látna því blómin

Standandi blómaskreyting með fallegu kerti er vinsæl samúðargjöf.

fylla svolítið upp í sorgina," segir Díana.

Hún segir syrgjendur taka því fegins hendi að fá blóm heim.

„Það er alltaf mjög gefandi að færa eftirlifendum blóm í heimahús og ekki óvanalegt að bílstjórarnir okkar fái hjartans þakkir að launum," upplýsir Díana.

Gaman að sérútfærslum

Blómaval rekur sjö verslanir víðs vegar um landið og sinnir landsbyggðinni vel. Tveggja daga fyrirvari er á pöntunum útfararkransa og -skreytinga en Díana segir Blómaval þó reyna að afgreiða allar pantanir hratt og vel þótt fyrirvarinn sé skemmri.

„Það gerist iðulega að fólk hefur samband klukkan níu að morgni útfarardags og vill senda krans í útför sem hefst klukkan 13 og auðvitað reynum við að mæta því eins og hægt er. Að sama skapi fáum við stundum pantanir á borð við akkeri og skeifu sem eru afar skemmtileg verkefni og krefjast sérútfærslu."

Blómaval í hálfa öld

Þann 1. október verða liðin 50 ár síðan bræðurnir Bjarni og Kolbeinn Finnssynir opnuðu blómabúð í stóru gróðurhúsi í Sigtúninu og nefndu hana Blómaval.

„Þeir bræður voru fyrstir til að selja afskorin blóm og urðu fljótt atkvæðamiklir í útfararkrönsum. Þeir voru framsýnir og komu fyrstir með margar nýjungar á íslenskan markað eins og Græna torgið sem bauð upp á frumlegt grænmeti og ávexti. Þá hefur frá fyrstu tíð verið lagt upp með skemmtilega upplifun fyrir gesti og gangandi að koma við í Blómaval, ekki síst fyrir börnin að sjá apana og fuglana, að ógleymdu Jólalandinu sem trekkir að börn á öllum aldri á aðventunni," segir Díana sem unnið hefur í fimmtán ár á þeim góða og lifandi vinnustað sem Blómaval er.

„Blómaval er sérhæfð blómabúð sem á fáa sína líka og engin viðlíka blómabúð sem toppar hana í Evrópu. Hjá okkur er eini blómabarinn í Evrópu þar sem hægt er að ganga í gegnum blómakæli og velja sér afskorin blóm í vendi. Hér ríkir notaleg stemning og alltaf jafn vinsælt að gera sér dagamun og taka fjölskyldurúntinn í Blómaval til tala við páfagaukana, fá sér ís, verða fyrir innblæstri og skoða nýjar og spennandi árstíðabundnar vörur."

Sjá nánar á blomaval.is

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103. | Veffang: frettabladid.is

Leggja áherslu á að koma til móts við óskir aðstandenda

Útfararstofa Kirkjugarðanna hefur starfað í yfir 70 ár. Þar starfar fólk af mikilli fagmennsku með áratugareynslu af útfararþjónustu og er að mennta sig meðal annars í guðfræði og sálgæslu. Útfararstofan þjónustar fólk allan sólarhringinn alls staðar að á landinu og óháð trúarbrögðum.

Þegar andlát náins aðstandanda verður aðstoðar Útfararstofa Kirkjugarðanna fólk við allan undirbúning útfararinnar.

„Við sjáum um alla þjónustu og undirbúning útfarar, allt frá líkflutningi til hinstu hvílu," segir Emilía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna.

„Við sækjum hinn látna og bjóðum upp á nærverustundir ef andlát verður í heimahúsi eða ef einhver hefur ekki náð að koma að dánarbeði. Við bjóðum fólki að koma í viðtal til okkar í hlýlegu umhverfi í Vesturhlíð 2 en við getum einnig komið í heimahús. Við aðstoðum í raun og veru við allt sem viðkemur útförinni, eins og að bóka prest, kirkju, tónlistarfólk og blóm. Við aðstoðum fjölskylduna við að afla leyfa og veita upplýsingar um réttindi. Við fylgjum svo fjölskyldunni í gegnum allt ferlið, kistulagningu, jarðarför og upp í kirkjugarð."

Hjá útfararstofunni er svarað í símann allan sólarhringinn alla daga ársins þar sem andlát bera að á öllum tímum.

„Því andlát eiga sér stað alla daga ársins, jafnt daga sem nætur og því er þjónustan í boði alla daga eftir því sem þarf," útskýrir Emilía.

Hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna er lögð áhersla á að hlusta á óskir aðstandendanna og að þeir fái aðstoð við að gera útförina persónulega.

„Þegar fólk kemur í viðtal til okkar þá fær það gátlista og við förum yfir þau atriði sem þarf að huga, að skref fyrir skref. Sumir hafa komið fram með óskir um hvernig þeir vilja hafa sína útför áður en þeir deyja en aðrir hafa aldrei rætt það við sína nánustu. En allt byggist þetta á að hlusta á óskir aðstandenda og reyna að mæta þeim óskum."

Þjónusta alla óháð búsetu og trúarbrögðum

Útfararstofan þjónustar alla óháð trúarbrögðum. Lögð er áhersla á að hægt sé að fá allar kistur án krossa og einnig hafa þau búið til tákn eða myndir á kisturnar eða duftkerin ef fólk vill.

Þó að útfararstofan sé með aðsetur í Fossvoginum í Reykjavík þjónustar hún allt landið. Til dæmis er veitt aðstoð við flutning á hinum látna verði andlátið á landsbyggðinni en útförin á höfuðborgarsvæðinu eða öfugt.

„Sömuleiðis veitum við aðstoð við flutning á kistu eða duftkeri milli landa ef andlát er erlendis og flytja þarf hinn látna heim eða ef viðkomandi deyr hérlendis en á að vera jarðsettur erlendis. Þá fá aðstandendur aðstoð við að afla allra leyfa til að flytja hinn látna," segir Emilía.

Samtal um hinstu ósk

Útfararstofa kirkjugarðanna býður upp á samtal um hinstu ósk. Það er að segja óskir varðandi eigin útför.

„Það geta verið ýmsar ástæður fyrir að fólk vilji skrá sínar óskir. Sumir eru veikir og vita að þeir eru dauðvona, svo eru aðrir sem vilja bara ákveða þetta fyrir fram til að gera aðstandendum sínum auðveldara að skipuleggja útförina," útskýrir Emilía.

„Við látum fólk fá bækling og bjóðum fólki að fara yfir hann í sameiningu en sumir vilja taka hann með heim og fylla inn þar. Óskirnar eru varðveittar hjá útfararstofunni sem kynnir þær fyrir aðstandendum þegar að andláti kemur."

Auk aðstoðar við útför býður útfararstofan upp á aðstoð við dánarbússkipti og erfðaskrá. Hjá útfararstofunni starfar lögfræðingur og innifalið í útfararþjónustunni er eitt ókeypis upplýsingaviðtal við hann.

„Upplýsingaviðtalið er hugsað til að veita upplýsingar um hvað fólk þarf að gera í sambandi við dánarbússkipti en svo getur lögfræðingurinn einnig tekið að sér að gera erfðaskrá fyrir fólk og aðstoðað við dánarbússkiptin en þá er það gert samkvæmt taxta," segir Emilía.

Öll þjónusta á einum stað

Í Vesturhlíð 2 er sýningarherbergi með kistum, duftkerjum, leiðismerkingum, rúmfötum og líkklæðum. Duftkerin og kisturnar sem útfararstofan býður upp á eru vistvænar. Á næstu dögum verður vefverslun opnuð á vefsíðu útfararstofunnar, utfor.is, þar sem hægt er að kaupa til dæmis krossa, kistur og duftker beint.

„Vefversluninni er ætlað að auka þjónustuna við þá sem búa til dæmis úti á landi. Það verður meðal annars hægt að fara á síðuna og panta krossa sem við sendum hvert á land sem er eða förum með í kirkjugarðana á höfuðborgarsvæðinu," segir Emilía.

„Við erum með íslenskar og erlendar kistur og duftker. Íslensku duftkerin eru til dæmis handsmíðuð og handprjónuð, við reynum að hafa eitthvað fyrir alla. Við erum með svartar kistur, hvítar kistur og rauðar kistur auk viðarkista og ýmsa liti af duftkerjum. Ef aðstandendur segja okkur að hinn látni hafi til dæmis haldið mikið upp á grænan lit þá bjóðum við upp á græn duftker eða græna kistu, ef einhver var hrifinn af fuglum þá reynum við að koma til móts við það. Aðstandendur velja ekki fyrirframgefnar leiðir heldur förum við eftir því hvað fjölskyldan vill og hlustum á þarfir hennar," útskýrir Emilía.

„Í rauninni er kista það eina sem þarf að vera og ef það er bálför þá verður að vera duftker líka. Allt annað er valfrjálst. Það þarf ekki að vera athöfn, prestur eða kirkja, þó að langflestir vilji hafa hefðbundna kveðjustund. Markmiðið með okkar þjónustu er ekki að segja aðstandendum hvað þeir eiga að gera heldur að benda þeim á leiðir og finna hvað hentar þeim og aðstoða þau við það."

Handprjónuðu duftkerin eru nýjung en þau eru prjónuð af íslenskri prjónakonu. Einnig er boðið upp á fjörusteina með áletrun til að merkja leiði.

„Margir kjósa þá frekar en hefðbundna krossa eða legsteina. Það er einn og einn sem vill gera öðruvísi og það er markmið okkar að bjóða upp á eitthvað fyrir alla."

Nánari upplýsingar á utfor.is eða hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna Vesturhlíð 2, sími: 551 1266

Starfsfólk Útfararstofu Kirkjugarðanna starfar af mikilli fagmennsku og hefur margt áratugareynslu af útfararþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í Vesturhlíð 2 er sýningarherbergi með kistum, duftkerjum, leiðismerkingum, rúmfötum og líkklæðum.

Handprjónuðu duftkerin eru nýjung hjá útfararstofunni. Einnig er boðið upp á fjörusteina til að merkja leiði.

> Þegar fólk kemur í viðtal til okkar fær það gátlista og við förum yfir þau atriði sem þarf að huga að, skref fyrir skref.

Jarðarförum streymt í gegnum netið

Vegna samkomutakmarkana hafa útfarir landsins farið fram á kyrrlátan hátt á þessu ári. Í dag mega 200 manns koma í jarðarför en gæta þarf að sóttvörnum. Útförum er oft streymt á netið.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur í Hallgrímskirkju, segir að útfarir á þessu ári hafi verið óvenjulegar vegna COVID-19. „Fólk hefur tekið þessu ótrúlega vel og sýnt mikinn skilning og æðruleysi á þessum erfiðu tímum. Núna er eins og útfarir fari fram í kyrrþey. Fjölskyldur bjóða nánustu fjölskyldu, vinum og vinnufélögum. Gestir sem koma í útförina gera líka sitt til að passa upp á eins metra bil og koma með andlitsgrímu. Ef fólk kemur ekki með grímu höfum við boðið þær í Hallgrímskirkju. Það er reyndar mjög undarlegt að horfa yfir kirkjugesti á þessum óvenjulegu tímum," segir Irma. „En fólk er mjög skilningsríkt við þessar aðstæður," bætir hún við.

Irma Sjöfn segir að þetta ástand sé vissulega svolítið skrítið fyrir presta en þetta sé þó fyrst og fremst erfitt fyrir aðstandendur þess látna. Hún segir að athöfnin sé falleg þótt ekki sé margmenni. Ekki er heldur aðstaða til að bjóða upp á stóra kóra vegna fjöldatakmarkana í athöfnum auk þess sem þurfi gott bil milli söngvara. „Það er ekki hægt að hafa marga tónlistarmenn og gætt að öllum sóttvörnum í kirkjunni. Við reynum alltaf að gera kveðjustundina fallega líkt og sá látni óskaði eftir. Það eru bara færri kirkjugestir. Sömuleiðis eru erfidrykkjur minni um sig. Það þarf líka að huga að öllum sóttvörnum í þeim. Fólki þykir oft erfitt að geta ekki boðið öllum og hitt marga."

Séra Irma Sjöfn segir að þótt jarðarfarir séu fámennar í dag séu þær engu að síður fallegar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Núna er 200 manna reglan í gildi og Irma bendir á að fólk sé hrætt þessa dagana um að samkomutakmarkanir verði hertar. „Það er virkilega óþægilegt fyrir fólk sem er í sorgarferli að hafa áhyggjur af þessum málum líka," segir hún.

> **Fólk hefur tekið þessu ótrúlega vel og sýnt mikinn skilning og æðruleysi á þessum erfiðu tímum.**

„Þetta var erfitt í vetur þegar einungis 20 manns máttu koma saman. Jarðarförin var með frekar einföldu sniði. Sumir töluðu um að hafa minningarathöfn síðar en svo veit maður ekki hvort úr því verður. Það reyna allir að gera sitt besta," segir hún.

Margir streyma jarðarförum í gegnum netið og þá eiga allir ættingjar og vinir kost á að fylgjast með. „Það er orðið mjög algengt að hafa jarðarförina í gegnum netið og er stórkostlegt að nýta tæknina. Þá geta allir verið með. Aðstandendur sjálfir útvega slíkan búnað en mörg fyrirtæki taka það að sér að streyma. Útfararstjórar hafa oft yfirlit yfir fyrirtæki sem annast streymi við útfarir. Þetta hefur allt farið vel af því að allir eru tilbúnir að leggja sig fram um að gera sitt besta. Sömuleiðis hlakka allir til þegar lífið verður eðlilegt á ný," segir hún.

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann Andrésson
s: 897 2468

Hálfdán Hálfdánarson
s: 898 5765

Ólöf Helgadóttir
s: 898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði | 565 9775
www.uth.is | uth@uth.is

Fasteignablaðið

39. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi

Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi

Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi

Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi

Júlíus Jóhannsson
Lögg. fast. og eigandi

Monika Hjálmtýsdóttir
Lögg. fast. og eigandi

Þórarinn Thorarensen
Lögg. fast. og eigandi

Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.

Eggert Mariuson
Löggiltur fast.

Jón Óskar
Löggiltur fast.

Guðrún D. Lúðviksdóttir
Löggiltur fast.

Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla

Ása Pöll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteigna-sölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Glæsilegt hús með útsýni

Miklaborg, fasteignasala kynnir glæsilegt tvílyft 240 fm parhús í Kópavogi með útsýni yfir Elliðavatn.

Húsið er mjög opið, bjart og skemmtilegt. Vegleg stofa með tvöfaldri lofthæð og háum glugga. Hjónasvíta, þrjú góð svefnherbergi. Samtals tvö baðherbergi og snyrting. Gólfhiti, innfelld lýsing. Vandaðar og stílhreinar innréttingar og gólfefni. Það er Kristinn Ragnarsson arkitekt sem á heiðurinn af þessu óvenjulega skemmtilega húsi.

Komið er inn í veglegt anddyri með góðum skápum sem ná að lofti. Það opnast inn í glæsilegar samliggjandi stofur og eldhús. Lofthæðin í stofunni er tvöföld og einstaklega veglegur og fallegur stór stofugluggi sem nær yfir báðar hæðir setur tilkomumikinn svip á rýmið. Fremst á vinstri hönd er eldhúsið með góðu skápaplássi og eldunareyju með gaseldavél. Úr eldhúsi og stofu er útgengt í einstaklega stóran og fallegan garð.

Úr stofu liggur stigi upp á efri hæð hússins. Þar er fremst stór opinn pallur sem býður upp á ýmsa nýtingarmöguleika, svo sem vinnu eða líkamsræktaraðstöðu. Þaðan er horft yfir stofuna og áfram til fjalla og út á Elliðavatn. Þessi mikla lofthæð og opnunin á milli hæða gerir eignina óvenjulega veglega og skemmtilega.

Húsið stendur nálægt Elliðavatni með glæsilegu útsýni.

Á vinstri hönd þegar komið er upp er glæsileg hjónasvíta. Inn af góðu fataherbergi er sér baðherbergi með sturtu. Úr hjónasvítunni er útgengt á svalir með glæsilegu útsýni.

Innfelld lýsing er í loftum. Sérstaklega skemmtilegt og vel hannað hús á þessum vinsæla stað. Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn Pálsdóttir lgf., sími 773-6000, eða thorunn@miklaborg.is

Eignin verður sýnd á morgun, miðvikudaginn 30/9, milli kl. 17.30 og 18.30.

Fasteignir og heimili mánudaga kl 20.30
Sjöfn Þórðardóttir

Fasteignir og heimili eru þættir í umsjón Sjafnar Þórðardóttur. Allt um fasteignir, heimili og húsráð frá fagfólki og sérfræðingum. Fagurkerarnir fá að sjálfsögðu að njóta sín þegar kemur að útiliti heimilisins.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Útsendingar ná nú til 99,4% heimila landsins

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala. Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Strikið – Sjálandi Garðabæ. Nýjar og glæsilegar íbúðir. 4 íbúðir eftir – 60 ára og eldri. Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Sólborg – Kirkjusandur - *Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.

Nánari upplýsingar á www.105midborg.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur - *Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- **Nánari upplýsingar á www.105midborg.is**

Lundur 22 – Kópavogi. *Íbúðir á skjólsælum stað austast í Lundi.*

- Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir á 1. og 2. hæð í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Lund 22 í Kópavogi.
- Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar.
- Innréttingar eru frá Brúnás ehf.
- Arkitektar: Guðmundur Gunnlaugsson (Archus) og Gunnar Páll Kristinsson (Rýma arkitektar). Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is
- Íbúðir verða afhentar á tímabilinu des 2020.

Haukanes - Garðabæ. Sjávarútsýni.

- Virkilega glæsilegt og vandað 517,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á 1.222 fm. eignarlóð með sjávarútsýni á Arnarnesinu.
- Húsið er vandað í alla staði með sérsmíðuðum innréttingum, aukinni lofthæð á báðum hæðum, mjög stórum flísalögðum bílskúr, extra háum innihurðum, fallegum listum í loftum og extra háum hvítum gólflistum.
- Húsið var allt málað að utan árið 2019, þ.m.t. þakkantur og gluggar.
- Lóðin er eignarlóð, afgirt að miklu leiti og snýr að mestu til suðurs þar sem eru tyrfðar flatir, malarbeð og skjólsæl viðarverönd. Framlóð snýr til norðurs og er með mjög stórri bomanite steyptri innkeyrslu og stéttum með hitalögnum, tyrfðri flöt og malarbeðum.

Framnesvegur 17. *3ja herbergja risíbúð – laus fljótlega.*

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Björt og þó nokkuð endurnýjuð íbúð í risi í steinsteyptu þríbýlishúsi við Framnesveg. Eignin er skráð 57,3 fm. að stærð skv. Fasteignaskrá, en gólffflötur hennar er þó nokkuð mikið meiri, eða um 70,0 fm.
- Íbúðin var endurnýjuð árið 2006, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi o.fl. Raflagnir og rafmagnstafla voru endurnýjuð á sama tíma. Nýlega er búið að mála rými íbúðarinnar.
- Eldhús með frábæru útsýni til sjávar. Rúmgóð stofa. Tvö herbergi. Geymsluris yfir íbúðinni.
- Stigagangur var málaður árið 2015 og hús að utan var málað árið 2016.

Verð 39,9 millj.

Bragagata 33. Einbýlishús í miðborginni. Sér bílastæði.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 126,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og risi á þessum eftirsótta stað í Þingholtunum. Grunnflötur rislofts er ekki skráður í fasteignaskrá.
- Sér bílastæði er staðsett við afgirtan bakgarð.
- Stofa með glugga til suðurs, opin að hluta við eldhús/borðstofu. Útgengi er í bakgarð frá eldhúsi/borðstofu. Fjögur herbergi.
- Lóðin er fullfrágengin og með afgirtri viðarverönd auk tyrfðrar flatar. Sér bílastæði er á lóð austan við húsið.

Verð 67,9 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja herbergja íbúð.



- Afar falleg og vel skipulögð 65,5 fm. 2ja herbergja íbúð á 4. hæð að meðtaldri sér geymslu á hæðinni í góðu fjölbýlishúsi við Laugaveg 86-94.
- Íbúðin er virkilega vönduð með svölum til suðurs og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími.
- Stofa með stórum gluggum til suðurs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.

Stæði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.

Verð 45,9 millj.

Baldursgata 30. 3ja – 4ra herbergja endurnýjuð íbúð.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Glæsileg 3ja – 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í steinsteyptu húsi í miðborginni. Frá stofu og af svölum er útsýni að Reykjanesi og frá eldhúsi, borðstofu og herbergjum er útsýni að Hallgrímskirkju.
- Aukin lofthæð er í íbúðinni og allir innveggir hennar eru léttir og því hægt að breyta skipulagi að vild. Íbúðin var öll innréttuð árið 2014 og öllu innra skipulagi hennar breytt.
- Stofa og borðstofa í opnu rými með miklum gluggum og útgengi á svalir. Eldhús opið við stofu með eyju. Tvö svefnherbergi.
- Gengið er inn í stigahús frá Válastíg.

Verð 58,9 millj.

Vesturgata 3. 2ja – 3ja herbergja íbúð/skrifstofuhæð.

- Virkilega glæsileg 2ja - 3ja herbergja íbúð / skrifstofuhæð með sérinngangi í mjög fallegu og sögufrægu húsi við Vesturgötu 3 í Reykjavík.
- Eignin hefur verið nýtt undir skrifstofur undanfarnin ár, en er í grunninn skráð sem íbúðarhúsnæði.
- Eignin hefur verið mjög mikið endurnýjuð á sl. árum. Raflagnir og tafla eru nýleg sem og ofnalagnir auk þess sem pottofnar hafa verið sandblásnir og yfirfarnir. Eldhúsinnrétting er ný. Gólfefni eru nýr linoleumdúkur og yfirfarin og uppgerð mjög falleg furugólfborð.
- Húsið að utan er klætt með viði.

Verð 49,9 millj.

Ingólfsstræti. Parhús með tveimur íbúðum.

- Parhús með tveimur íbúðum í útleigu á 351,0 fermetra afgritri lóð með 8-10 sér bílastæðum á virkilega góðum stað í miðborginni.
- Tvær 2ja herbergja íbúðir eru í húsinu, ein á hvorri hæð, og eru þær báðar í útleigu. Góðir tekjumöguleikar til lengri tíma.
- Parhúsið er í þokkalegu ástandi að innan og utan, en þarfnast einhvers viðhalds og endurbóta.
- Mögulegt væri að leigja út bílastæði á lóðinni til viðbótar, en nýtt rafmagnshlið var sett upp á lóðina fyrir nokkrum vikum síðan og hún því lokuð fyrir óviðkomandi umferð.

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2019
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þorhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

Háholt 1
210 Garðabær

Sérlega fallegt 330 fm einbýli með tvöföldum bílskúr og miklu útsýni

- Arkitektúr hússins er fallegur og form innandyra eru mörg óregluleg sem gefur húsinu bæði sérstakan stíl og mjög fallegt útlit.
- Fallegur gróinn garður og rólegt umhverfi í efstu götu í Hnoðraholtinu.
- 4 svefnherbergi og tvö baðherbergi
- Jarðhæð er 133 fm, miðhæðin er 110 fm, efri hæð er opin að hluta niður í hol og stofurúmi er 40 fm
- 47 fm tvöfaldur bílskúr

Verð: **125 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Friðriki síma **616 1313** eða Jason **775 1515**



Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Stórihjalli 17
200 Kópavogur

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 29. sept.
kl. 17:00 - 18:00

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Kjartani í síma: **663 4392**



Fallegt 275,9 fm endaraðhús á 2 hæðum á einstaklega fallegum útsýnisstað

- 5 svefnherbergi
- Tvöfaldur bílskúr
- Gróinn skjólsæll garður með sólpalli til suðurs
- Fallegt útsýni
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar veitir:

Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignas
Sími: 663 4392
kjartan@miklaborg.is

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181
gh@miklaborg.is

Verð: **93,9 millj.**

Asparhvarf 16
203 Kópavogur

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 30. sept.
kl. 17:30 - 18:30





Einstaklega glæsilegt 240 fm parhús með útsýni yfir Elliðavatn

- Vegleg stofa með tvöfaldri lofthæð og háum glugga
- Hjónasvíta, tvö góð svefnherbergi og sjónvarpsh./svefnherbergi
- Tvö baðherbergi og snyrting
- Gólfhiti, innfelld lýsing
- Vandaðar og stílhreinar innréttingar
- 25,6 fm flísalagður bílskúr með geymslu inn af

Nánari upplýsingar veitir:

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **110 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

569 7000

www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Skúlagata 40

101 Reykjavík

Vel skipulögð íbúð á 5 hæð í húsi fyrir 60 ára og eldri

Verð: **54 millj.**

- 3ja herbergja 106 fm auk 15 fm stæðis
- Stæði í bílageymslu
- Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

Blikahöfði 1

270 Mosfellsbær

147 fm 5 herbergja endaíbúð

Verð: **59,9 millj.**

- 120 fm björt endaíbúð
- 4 svefnherbergi
- 27,6 fm bílskúr
- Suðursvalir
- Mikið útsýni

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307

Austurberg 8

111 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð auk bílskúrs

Verð: **42,9 millj.**

- Skráð 98,3 fm skiptist í 80,4 fm íbúðarrými og 17,9 fm bílskúr
- 2 Svefnherbergi
- Geymsla á jarðhæð
- Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

Kaplaskjólsvegur 51

107 Reykjavík

Mjög vel staðsett 3-4 herb endaíbúð á 4. hæð + ris, samtals 129,7 fm

Verð: **47,5 millj.**

- Rúmgóð stofa með útgengi út á suðvestur svalir. Endurnýjað eldhús
- Íbúðin sjálf er 82,9 fm og óskráð rými í risi er 46,8 fm
- Óinnréttuða risið gefur góða möguleika á 1-2 auka herbergjum
- Flott útsýni er frá íbúðinni þar á meðal yfir KR völlinn

Nánari upplýsingar:
s. 697 9300 **Svan G. Guðlaugsson** löggiltur fasteignasali

Ljósvallagata 30

101 Reykjavík

Heillandi 68,8 fm 3ja herbergja risíbúð

Verð: **42,9 millj.**

- Skráð 68,8 fm en gólfflötur er mun stærri
- Afar fallegur staður á móti Hólavallakirkjugarði
- Tvö góð svefnherbergi og það með þvottaaðstöðu
- Sameiginleg hjólageymsla í garði

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali

Vefarastræti 36

270 Mosfellsbær

Einstaklega falleg um 126 fm 4ra herb. íbúð á efstu hæð með lyftu

Verð: **59,9 millj.**

- Sérlega björt með gluggum á alla vegu
- 3 svefnherbergi og þvottahús innan íbúðar
- Suður svalir, frábært útsýni
- Sér stæði í bílageymslum lögn f hleðstustöð

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307

Lágaleiti 5

103 Reykjavík

Glæsileg og rúmgóð 108 fm fjögurra herbergja íbúð á fjórðu og efstu hæð

Verð: **76 millj.**

- Virkilega björt íbúð með góðu útsýni af suður svölum
- Þrjú góð svefnherbergi
- Einungis eru 2 íbúðir á hæðinni

Nánari upplýsingar: **Kjartan Í. Guðmundsson** viðskfr. aðst. fasteignasala
s. 663 4392 **Gunnar H. Einarsson** löggiltur fasteignasali s. 615 6181



Hverfisgata 94 (303)

101 Reykjavík

Ný 122,4 fm 3ja herbergja íbúð tilbúin til afhendingar á besta stað í Miðborginni

Verð: **69,9 millj.**

- Rúmgóð og glæsileg búð. Stór stofa og glæsilegt eldhús, 13,2 fm hjónaherbergi og 14,8 fm barnaherbergi
- Sameiginlegur suðurgarður
- Stæði í bílageymslu sem er framan við geymslu

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

Ingólfsstræti 16

101 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 106 fm 3ja herbergja íbúð á 2 hæðum

Verð: **64,9 millj.**

- Skipt upp í tvær einingar með útleigu á neðri hæð
- 66,7 fm á efri hæð og 39,3 fm á neðri hæð
- Útgengt á góða hellulagða verönd
- Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

Vallarás 5

112 Reykjavík

Falleg 86,9 fm 3ja herb. íbúð á 4. hæð í góðu fjölbýli í Selásnum

Verð: **41,9 millj.**

- Eldhús og bað hafa verið endurnýjuð
- 2 svefnherbergi
- Sér geymsla í kjallara
- Frábært útsýni

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307



Þórsgata 21

101 Reykjavík

Glæsileg 79,6 fm rishæð

Verð: **49,9 millj.**

- Stórar stofur, mikil lofthæð
- Glæsilegir gluggar sem setja svip á hæðina
- Endurnýjað fallegt eldhús búr innaf og baðherbergi
- Tvö svefnherbergi eldhúsi
- Sér geymsla í kjallar

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

Háteigsvegur 14

105 Reykjavík

87,4 fm rúmgóð 3ja herbergja íbúð

Verð: **41,5 millj.**

- 2 svefnherbergi
- Stór stofa / borðstofa
- Eldhús og bað hafa verið endurnýjuð

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307

Kambsbraut 16

801 Öndverðarnes

Glæsilegur 170 fm sumarbústaður í Öndverðarnesi, Þrastarskógi í Grímsnesi

Verð: **84,9 millj.**

- Í næsta nágrenni við golfvöll og sundlaug
- Skiptist í anddyri, þvottahús, baðherbergi, 4 svefnherbergi, setustofu, eldhús, stofu, gufubað, aukabaðherbergi, geymslur og heitur pottur.

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Hjarðarholtsvegur 12

276 Kjósarhreppur

Sumarhús í landi Hjarðarholts Kjós

Verð: **24,9 millj.**

- Húsið skiptist í stórt alrými stofu og eldhúss
- Tvö svefnherbergi og rúmgott svefnloft
- 1850 fm leigulóð
- Stutt er í Kaffi Kjós, Meðalfellsvatn
- Kalt vatn og rafmagn en hitaveita er við lóðarmörkin

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

Borgarleynir 12

801 Grímsnes

Glæsilegt sumarhús í Grímsnesi 109,5 fm á tæplega hektara eignarlandi

Verð: **34,9 millj.**

- Steypt plata með gólfhita
- Fjögur svefnherbergi / tvö baðherbergi
- Geymsla / þvottahús
- Innbú getur fylgt með sé sérstaklega samið um það

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Austurströnd 4

170 Seltjarnarnes

Falleg og björt 86 fm, 3ja herb. íbúð á 5.hæð í lyftuhúsi

- Nýlegt eldhús og bað
- Gott skipulagt
- Stofan er björt og rúmgóð
- Fallegt útsýni til norðurs og vestur
- Sér geymsla í kjallara
- Stæði í lokaðri bílgeymslu

Verð: **43,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 29. sept. kl. 18:00-18:30

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Nóatún 25

105 Reykjavík

Rúmgóð, björt og vel skipulögð 5 herbergja á 2 hæð

- Stærð 113,4 fm íbúð auk rúmgóðs geymslulofts
- Suðurssvalir og fallegt útsýni
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Baðherbergi nýlega endurbætt að fullu
- Bílskúrsréttur á lóð

Verð: **54,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Hraunbær 109a

110 Reykjavík

Virkilega góð 62 fm 2ja herb. íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýli

- Sér inngangur frá opnum svalagangi.
- Opið eldhús við stofu, þvottahús innaf eldhúsi, rúmgott svefnherbergi og svalir út frá stofu sem snúa í vestur.
- Nýlegt harðparket á alrými og svefnherbergi.
- Frábær fyrstu kaup!

Verð: **34,9 millj.**

OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 29. sept. kl. 17:30-18:00

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Njálsgata 12

101 Reykjavík

Stórglæsileg efri hæð 94,9 fm Ris byggt ofá árið 2020

- Þrjú svefnherbergi
- Tvennar svalir til suðurs
- Nýtt glæsilegt eldhús og bað
- Fallegt flæði í stofu og eldhús rýmum
- Sér þvottahús með glugga
- Sér geymsla í kjallara

Verð: **59,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Hraunbær 103

110 Reykjavík

alleg og mikið endurnýjuð 88 fm íbúð á 6.hæð í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri

- Ný innrétting og tæki í eldhúsi
- Yfirbyggðar svalir
- Fallegt ústýni
- Geymsla innan íbúðar
- Aðgengi að þjónustu og félagsmiðstöð
- LAUS STRAX

Verð: **53,9 millj.**

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 30. sept. kl. 17:00-17.15

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Sólheimar 16

104 Reykjavík

Góð 147,8 fm efri hæð með sérinngangi við Sólheima

- Góðar stofur, eldhús og búr
- Tvennar svalir
- Fjögur svefnherbergi og baðherbergi
- Sérgeymsla
- Sameiginlegt þvottahús
- Þar af er 27,3 fm bílskúr

Verð: **67,9 millj.**

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Meðalholt 15
(102) og (202)
105 Reykjavík

Tvær 3ja herb. íbúðir + kjallari

- Tvær samskonar 3ja herbergi íbúðir báðar með auka herb. í kjallara sem hægt er að leigja. Þrjú svefnherbergi í aðalíbúð (1 herb og 2 stofur skv teikn)
- Sameiginlegur inngangur efri og neðri hæðar
- Sameiginleg eldunaraðstaða, snyrting og sturta í kjallara
- Glæsileg baklóð með palli.

íb. 102 **80,6 fm** verð **38,9 m**
íb. 202 **77,3 fm** verð **39,9 m**

OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 1. okt. kl. 17:15-17:45



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Grandavegur 42c

107 Reykjavík

Glæsileg 148,1 fm rúmgóð og vel skipulögð 3ja herbergja endaíbúð á 3. hæð (303)

- Tvennar 28,5 fm yfirbyggðar svalir sem snúa í norður og suður, einstakt útsýni.
- 176 fm með svölum
- Stæði í bílgeymslu.
- Stutt í verslanir og veitingastaði.

Verð: **92,8 millj.**

NÝTT HÚS

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Vikurgata 14
210 Garðabær

Glæsilegt 292 fm einbýlishús á tveimur hæðum í Urriðaholti

- Glæsileg alrými með stórum gluggum og góðum svölum
- Húsið er mjög vel hannað og skipulagt, efnisval er vandað
- Teiknað af Pálmari Kristmunds
- Afhendist fokhelt samkvæmt skilalýsingu- hægt að semja um tilbúið til innréttinga
- Tækifæri til að eignast draumahúsið og innrétta eftir eigin höfði

Verð: **124,9 millj.**

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Öldugata 14

101 Reykjavík

Fallegt og virðulegt 482 fm hús á horni Öldu- og Ægisgötu

- Tvær íbúðir eru í húsinu
- 1. hæð, tvær góðar stofur, eldhús. tvö góð svefnherbergi og baðherbergi
- 2. hæð rúmgott opið eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og suðaustur svalir
- Vel byggt steinteypt hús sem stendur á 500 fm eignarlóð
- Frábær staðsetning í hjarta miðbæjarins

Verð: **210 millj.**

DALBREKKA 14 KÓPAVOGUR - FJÖLSKYLDUEIGN - ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR

3 svefnherbergi með skápum - Flísalagt baðherbergi með flísalögðum sturtuklefa
Vandað eldhús með góðum tækjum og borðkrók - Stofa og borðstofa samliggjandi með tvennum svölum
Tvö bílastæði merkt íbúð í bílakjallara. Opið hús á miðvikudaginn 30. september kl. 12:30 - 13:00

Verð frá 55.000.000 - 58.900.000 kr.

Allar upplýsingar veitir:
Oscar Clausen
Löggiltur Fasteignasali
oc@domusnova.is
Sími: 861 8466

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN

DOMUSNOVA
Fasteignasala

DOMUSNOVA - HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

ASBYRGI ehf

Sími 568 2444

Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík
Ingileifur Einarsson - Löggiltur fasteignasali.

GRANDAVEGUR 47, RVK, ÚTSÝNISÍBÚÐ Á 4. HÆÐ. LAUS STRAX.

Til sölu mjög góða vel skipulögð 44.2 fm íbúð á 4. hæð fyrir 60 ára og eldri. Frábært útsýni fyrir flóann. Í sameign er samkomusalur, sauna, heitur pottur og stór verönd á jarðhæð. Stutt í alla þjónustu s.s. þjónustumiðstöð fyrir aldraða á Aflagranda 40.
Verð 33.0 millj.

Allar nánari uppl. veitir Ingileifur Einarsson, lögg. fast.
Gsm 894-1448, ingileifur@asbyrgi.is

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

FOLD
FASTEIGNASALA
Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
Kristín Pétursdóttir
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965
Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur
Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044
Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Njálsgata 72, 101 Rvk., 3ja herbergja.
OPIÐ HÚS ÞRI 29/9 KL. 16:30-17:15.

Falleg og björt 3ja herbergja 82,7 fm íbúð á 2. hæð við Njálsgötu, í hjarta miðborgarinnar, steinsnar frá Sundhöllinni og margvíslegri þjónustu. Íbúðin er talsvert endurnýjuð, m.a. eldhús, baðherbergi, þak o.fl. **Opið hús þriðjudaginn 29. september kl. 16:30-17:15, verið velkomin.**

Hólaberg 82, 111 Rvk.
EINBÝLI ÁSAMT ATVINNUHÚSNÆÐI.

Fallegt og vel viðhaldið 293,1 fm einbýlishús á tveimur hæðum + kjallari og 177,5 fm atvinnuhúsnæði, samtals 470,6 fm. Eign sem býður uppá mikla möguleika. Húsið er byggt 1981. Parket og flísar á gólfum. Mörg herbergi. Gott innra skipulag. **Nánari upplýsingar á skrifstofu og velkomið að panta tíma fyrir skoðun: fold@fold.is.**
Verð 124,9 millj.

Háteigsvegur 3, 105 Rvk.
2JA HERBERGJA.

Falleg og vel skipulögð 78,3 fm. íbúð við Háteigsveg. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. Sérmerkt bílastæði. Inngangur er sameiginlegur með einni annarri íbúð. Eignin er í leigu til maí 2021. Hægt að yfirtaka leigusamning.
Gott verð 39,9 millj. Nánari upplýsingar á fold@fold.is.

Þingvellir / Efristígur 2
STÓRT SUMARHÚS.

Mjög vandað sumarhús við Efristíg 2, Þingvöllum. Húsið er í dag skráð 78,2 en óskráðir fm eru 36,9 þannig að raunstærð hússins er 115,1 fm. Eignin skiptist í: Forstofu, stofu, fimm svefnherbergi, þrjú baðh. og eldhús. Stór pallur í kringum húsið. Flísar og parket á gólfum frá Birgisson. Jón Kaldal teiknaði húsið. Góð rúm fyrir 11 manns.
Verð 47 millj.

Vatnsendahlíð, Skorradalur
BÚSTAÐUR OG GESTAHÚS. GOTT VERÐ!

Sumarhús á frábærum stað í Skorradal með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi m/sturtu og eldhúsi ásamt gestahúsi frá 2013 sem skiptist í stofu, svefnherbergi, baðherbergi m/sturtu og lítið eldhús. Frábær staðsetning með útsýni yfir vatnið og fjöllin. Sannkölluð sumarparadís fyrir fjölskylduna. **Verð aðeins 15,9 millj.**
Velkomið að bóka skoðun: fold@fold.is.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila

- traustar greiðslur

- langur leigutími

- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu

VOLVO S60 D4 árg. 2014. 181 hö. Ek.69 þ.km. Grár, diesel, sjálfsk., framhjóladr. Vetrardekk. Verð 2.590.000 kr Uppl. í síma 896-3143.

BMW M5 árg. 2006 507 Hö, SMG sjálfskipting, Ný dekk ofl. Verð 3.690.000, skoða skipti. Uppl. í 8972323/ j280472@gmail.com

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Garðyrkja

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FRÆSUN FYRIR GÓLFHITA OG FL.
Fræsun- rör- flotun
Kjarnaborun -Steypusögun - steinslípun - brot/rif
Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar á steinbrot@steinbrot.is eða í síma: 777-2242

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Flísalína ehf
FLÍSALAGNIR
OG ÖLL ALMENN MÚRVINNA
ÁRATUGA REYNSLA OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ.
S. 866 3300
FLISALINA@FLISALINA.IS

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali
2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Löggiltur fasteignasali

Fasteignamarkaðurinn ehf., sem er ein elsta og rótgrónasta fasteignasala landsins, óskar eftir að ráða til starfa löggiltan fasteignasala til að sinna sölu fasteigna og ýmsu öðru er viðkemur daglegum rekstri fasteignasölu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölu fasteigna. Föst góð laun í boði fyrir réttan aðila auk mögulegrar árangurstengingar.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið: gtj@fastmark.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

39.990 KR.

ÞURRKTÆKI
Dragðu úr líkum á myglu.

LAUFSÓPUR
Haltu lafunum úr rennunum.
Ýtir laufi úr rennu
Auðveldar þrif

2.490 KR.

LOFTRÆSTING
Ferskt loft - hreint loft - lítið orkutap

HITAVÍR
Hitavír í rennur

2 BOX: 2.498 KR.

ÞURRKBOX
Þurrkaðu ferðavagninn.

LOFTVIFTUR
Jafnaðu hitastig - bættu loftgæði

VERTU KLÁR FYRIR VETURINN!

ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is -andaðu léttar

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI

GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Persónuleg og nærgætin þjónusta

Guðný Bjarnadóttir og Gréta Björgvinsdóttir eru útfararstjórar hjá Borg útfararþjónustu. Þær segja mikilvægt að gæta nærgætni og leitast eftir að skapa fallegar minningar á erfiðum tímum.

Við erum tiltölulega nýbyrjaðar og erum lítið fyrirtæki. Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu á þessum vettvangi," segir Guðný.

Þær kynntust í gegnum sameiginlega vinkonu. „Við erum ólíkar, með ólíkan bakgrunn og erum ólíkar persónur en við vinnum vel saman. Það er eins og við höfum alltaf þekkst. Það er svo dýrmæt vinátta. Maður heldur ekki að maður geti eignast svona góðan vin þegar maður er fullorðinn," segir Gréta.

Dýrmæt lífs- og starfsreynsla

Óhætt er að fullyrða að Guðný búi yfir mikilli reynslu. „Ég hef bakgrunn úr ýmsu og er búin að vera í heilbrigðiskerfinu frá því 1972. Ég er bæði hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir og svo er ég líka djákni. Ég hef verið að þjóna lífinu alla mína tíð. Núna er ég komin á þennan endann, maður er orðinn þroskaður starfsmaður," segir Guðný og hlær.

„Reynslan sem Guðný er með er ekkert lítið verðmæti inn í lífið," segir Gréta sem er ekki síður reynslumikil. „Ég á fjögur börn, tíu barnabörn og sama gamla manninn síðan ég var nítján ára," segir hún og skellir upp úr.

„Ég menntaði mig sem hár-

Guðný Bjarnadóttir og Gréta Björgvinsdóttir, eigendur og útfararstjórar hjá Borg.

snyrtir þegar ég var yngri og hef réttindi sem slíkur. Þetta fylgir því náttúrulega, snyrting og það nýtist mér vel í þessu starfi í dag. Ég er líka búin að fara í gegnum listnám og er lærður leirsmiður. En ég vona að þegar upp verður staðið verði mín minnst fyrir að vera góð mamma því það er það sem hefur skipt mig mestu máli í lífinu. Það eru þessi börn sem ég á, þetta barnalán. Annað skiptir mig minna máli."

Fyrirtæki með stórt hjarta

Gréta segir mikið þakklæti fylgja starfi útfararstjóra. „Sagan á bak við hverja manneskju sem kveður, hún er svo stór. Skarðið sem hver og einn skilur eftir. Manni þykir vænt um að vera treyst fyrir þessu starfi, það er ekkert sjálfsagt."

> **Orð eru svo mikilvæg í þessum aðstæðum af því að fólk er svo opið. Eitt orð getur verið endalaust dýrmætt eða særandi.**

Þjónusta af þessu tagi sé afar persónuleg. „Við höfum einsett okkur að vera mjög persónulegar í okkar störfum og höldum þétt utan um fólkið okkar. Við lítum mikið eftir smáatriðum og að fagurfræðin og virðingin sé sýnileg. Við erum lítið fyrirtæki en með stórt hjarta. Við leggjum allt okkar í þetta. Það sem við erum að bjóða fram er í rauninni bara við sjálfar," segir Gréta.

„Auðvitað erum við með öll tæki og tól sem til þarf en við erum ekki með neina yfirbyggingu. Við bjóðum fólki að koma heim til okkar eða förum heim til syrgjenda. Bara hvað sem hentar hverjum og einum. Sumum finnst erfitt að fara út af heimilinu á meðan öðrum finnst gott að komast í annað umhverfi."

Hvert orð hefur þýðingu

Guðný segir nauðsynlegt að vera meðvituð um sitt hlutverk. „Við leggjum mesta áherslu á að þjóna fallega og vera til staðar en standa samt á hliðarlínunni. Við erum ekki í neinu aðalhlutverki. Þetta er svipað eins og í yfirsetu í fæðingu. Þar er maður til hliðar en hefur samt stjórn á öllu sem er að gerast."

Það sé afar brýnt að sýna nærgætni. „Þetta er viðkvæm þjónusta, það má segja að það þurfi að vanda sig mikið. Þetta er svolítið eins og með konurnar sem eru nýbúnar að eiga, þegar maður hefur sagt eitthvað um barnið þá muna þær það oft alla ævi. Það þarf dálítið að gæta orða sinna. Orð eru svo mikilvæg í þessum aðstæðum af því að fólk er svo opið. Eitt orð getur verið endalaust dýrmætt eða særandi."

Gréta tekur undir og segir mikilvægt að geta lesið í fólk og aðstæður. „Við þurfum að geta hlustað á fólk og líka heyrt það sem er ekki sagt. Við erum þarna til að leiða fólk og láta daginn, þrátt fyrir allt, vera í minningunni fallegan."

Hægt er að hafa samand á borgutfor.is. Netfang: borg@borgutfor.is. Sími: 869 7522 eða 770 0188.

Hausttilboð

Gildir til 16. oktober

Steinn og sökkull, grátt granít
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og N-landi
Frí sending um allt land
Geymum steina ef óskað er

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is
minnismerki.is

Tilboð 1

Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:
Sett eins og á mynd : 445.000
Sett án blómaramma : 345.000
Steinn : 245.000

Tilboð 2

Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:
Sett eins og á mynd : 530.000
Sett án blómaramma : 430.000
Steinn : 330.000

Tilboð 3

Verð:
Sett eins og á mynd : 180.000
Steinn án aukahluta : 140.000

nr 113

Tilboð 4

Verð:
Sett eins og á mynd : 180.000
Steinn án aukahluta : 140.000

nr 111

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust og faglegt fjölskyldufyrirtæki í 30 ár.
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum áratuga reynslu við að annast alla þætti útfararþjónustu.

Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn alla daga ársins.

Hlýja, auðmýkt og virðing er okkar leiðarljós. Við tökum tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi.
Okkar markmið er að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu á sanngjörnu verði.

Nánar um okkur:
Sími: 567-9110
Netfang: utfarir@utfarir.is

RG Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Samtímamaðurinn virðist tengja betur við dægurtónlist en hefðbundna hymna og sálma.

Dauðatónar samtímans

Árið 2014 gerði þjóðfræðineminn Búi Stefánsson rannsókn og lokaverkefni til bakkalárgráðu um þróun tónlistar í útförum 21. aldarinnar. Titill ritgerðarinnar er Dauðatónar og var eitt yfirlýst markmið hennar að skoða að hvaða leyti útfarartónlistarhefðir Íslendinga væru að breytast, hvað valdi þessum breytingum og hvernig þær lýsa sér.

Spurningalisti var sendur út og úrtakið taldi 90 manns. Af þeim voru 55 konur og 35 karlar. Spurningarnar voru bæði almennar á borð við nafn, aldur og stöðu, og sértækari eins og um óskir um hátt útfarar og hvort einstaklingur ætti sér sérstakt lag sem hann eða hún vildi láta spila í útför sinni.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru á þá leið að 66 prósent svarenda (34 konur og 25 karlar) sögðust eiga sér einhverja sérstaka tónlist sem þeir vildu láta flytja í útför sinni.

Megas er höfundur Tveggja stjarna, sem er eitt af fallegustu lögum Íslandssögunnar og einstaklega vinsælt í útförum.

Lögin sem voru nefnd voru af ýmsum toga og má þar nefna til dæmis Vor í Vaglaskógi eftir Kristján frá Djúpalæk í flutningi Jónasar Jónassonar, Now We Are Free með Enya, Allt eins og blómstrið eina – sálm nr. 273 eftir Hallgrím Pétursson, Engil í rólu eftir Bubba Morthens, Dans gleðinnar með Vilhjálmi Vilhjálmssyni, Drottinn er minn hirðir í flutningi Margrétar Scheving, Skinny Love með Bon Iver, Tunglskinssónötu Beethovens og The Best með Tinu Turner.

Tónlistarvalið sýnir svart á hvítu þá þróun sem orðið hefur í viðhorfi til útfarartónlistar en 75 prósent laganna sem nefnd voru mætti flokka sem rokk, popp eða dægurtónlist. Hin 25 prósentin voru klassísk tónlist, ýmsir sálmar og hefðbundnari jarðarfarartónlist.

Töluverða athygli vekur að 27 af þessum 62 lögum (44%) mætti flokka sem rokk/popp og er það stærsti flokkurinn. Dægurlög er sá annar stærsti en 19 lög af listanum (31%) falla undir þann flokk. Níu lög (14%) myndu flokkast sem sálmar/trúarleg tónlist en síðustu sjö lögin (11%) flokkast undir kvikmyndatónlist/klassík.

Lágt hlutfall sálma og trúarlegrar tónlistar á móti háu hlutfalli rokk-, popp- og dægurtónlistar kemur að mörgu leyti á óvart en þó virðist vera greinanlegur munur á þróun í dreifbýli og þéttbýli. Víða hefur umhverfið lengi verið nokkurn veginn óbreytt þegar kemur að tónlistarvali í útförum.

Himnaför í Mongólíu og Tíbet

Margir vajrayana búddistar í Tíbet og kínversku héruðunum Quinghai, Sichuan og Innri-Mongólíu, sem og í Mongólíu, Bútan og hlutum af Indlandi eins og Sikkim og Zanskar, trúa því að eftir dauðann taki sálin sig til og fari á flakk. Að þeirra mati heldur sálin áfram að lifa á meðan líkaminn umbreytist í tómt ílát.

Til þess að hjálpa líkamanum að snúa aftur til moldar er hann sundurliðaður og komið fyrir uppi á fjallstoppi svo að höfuðskepnurnar, hvort heldur er frost, vindar, regn eða jafnvel hrægammar, geti gert sitt og þannig skilað lífrænu leifunum aftur til jarðar.

Þetta hefur verið siður í Tíbet og Mongólíu í þúsundir ára og samkvæmt nýlegum rannsóknum velja um 80% Tíbetbúa þessa leið.

Af jörðu ertu kominn, að jörðu skaltu aftur verða.

Útfararstofa Íslands

Flestir þurfa einhvern tímann að horfast í augu við dauðann. Að missa ástvin eða ættingja er eitt það erfiðasta sem við göngum í gegnum. Tilfinningar eru margvíslegar. Sorgin er eðlileg viðbrögð. Óhjákvæmilega þarf þá að huga að þeim þáttum er snúa að útför þess látna.

Spurningarnar eru margar. Þá er gott að geta leitað til aðila sem hafa þekkingu og reynslu á þeim þáttum. Við hjá Útfararstofu Íslands búum yfir þessari reynslu og höfum starfað við útfararþjónustu um árabil.

Kristín Ingólfsdóttir · Sverrir Einarsson · Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Skrifstofa Útfararstofu Íslands er til húsa í Auðbrekku 1, 200 Kópavogi.

Þar er einnig góð aðstaða sem prestar og aðstandendur geta rætt saman í næði.

Skrifstofan er opin frá 8.00 til 17.00 virka daga, en þjónusta er allan sólarhringinn og um helgar.

Sími: 581-3300 og 896-8242

www.utforin.is

JS WATCH CO. REYKJAVÍK

Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi

ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

JS Watch co.
REYKJAVIK

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com

Húsaviðhald

Meistarar að verki

- Viðhald fasteigna
- Eldhús – Baðherbergi
- Múr- og steypuviðgerðir
- Málningarvinna inni/úti
- Gólflögn parket/flísar

Vönduð vinna-Vanir menn

Mávar Verktakar ehf.
780 3344 • mavarehf.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í VANDAMÁLUM TENGDUM RAKA OG MYGLU

Hafðu samband, án allra skuldbindinga
S. 862-6310
www.mtisland.is

MT Ísland
Tjónaviðgerðir • Innivist

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

RAFVESPA
60V/900W með 60 km. drægni.
Hleðsla: 6-8 tímar. 25 km. hraði.
Rauð, svört eða hvít.
Kr. 179.000,-
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.



Ódýrasti smájeppinn fyrir íslenskar aðstæður

AÐEINS 33.830 Á MÁNUÐI*

DACIA 4x4 DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS
2.790
ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Komið og reynsluakið

Listaverð hjá umboði: 4.450 þús

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

BYKO

Tilboðsverð

Innimálning

Kópal 4l. hvítt

Gljástig 4

7.196

86631840

Almennt verð: 8.995

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.799

4l.

Tilboðsverð

Loftamálning

Kópal 4l. hvítt

Gljástig 2

5.916

86638240

Almennt verð: 7.395

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.379

4l.

4l.

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.759

Tilboðsverð

Innimálning

Kópal 4l. hvítt

Gljástig 25

7.036

86610040

Almennt verð: 8.795

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.539

4l.

Tilboðsverð

Innimálning

Kópal 4l. hvítt

Gljástig 10

6.156

86620040

Almennt verð: 7.695

Tilboð

20% AFSLÁTTUR

Öll Kópal & Gjöco innimálning

Litakort Karenar

"Mig langaði að velja liti sem lífga upp á heimilið og skapa það andrúmsloft sem leitað er eftir hverju sinni. Alla litina hef ég notað og ráðlagt í starfi mínu sem innanhússráðgjafi og ættu þeir að virka vel inn á flest heimili."

Dagur & nótt	Bláber	Eftir miðnætti	Kaktus	Tangó	Espresso
Móða	Yfir regnbogann	Skýjum ofar	Eden	Terracotta	Maísól
Marmari	Mjúkur	Innsæi	Grænt te	Móðir jörð	Límonaði
Bjartsýnn	Bleiki pardusinn	Andvari	Máni	Glassúr	Sykurberg

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Tilboðsverð

Interiør 10

Lyktarlítil vatnsþynnanleg akrýl innimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrífa. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

11.116

80602709

Almennt verð: 13.895

9l.

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.235

Tilboðsverð

Supermatt ROM

Vatnsþynnanleg, mött akrýl innimálning sem gefur dýpri litaáferð án endurspeglunar. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu. 9l.

14.476

80603209

Almennt verð: 18.095

Umhverfisvottuð málning

9l.

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.608

9l.

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 915

9l.

Tilboðsverð

Bliss 10

Heilsuvæn, silkimött innimálning fyrir veggi í þurrými. Án leysiefna og engin skaðleg uppgufun. Lyktarlítil. Mælt með af astma- og ofnæmissamtökum Noregs, NAAF.

12.156

80603009

Almennt verð: 15.195

Umhverfisvottuð málning

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.351

Tilboðsverð

Proff innimálning

Vatnsþynnanleg silkimött PVA innimálning. Hentar vel inni og er notuð bæði í grunn og í yfirmálningu.

8.236

80602509

Almennt verð: 10.295

Umhverfisvottuð málning

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

MARKAÐSDAGAR *Komdu og gramsaðu!*

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 2	-1 °C | 9	2 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 2	8 °C | 2	1 °C | 6

SA- og austan 3-10, en NA 10-18 NV-til seinni partinn. Talsverð rigning SA-lands og einnig á Austfjörðum um kvöldið, en skúrir eða lítils háttar rigning í öðrum landshlutum.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 °C | 4	2 °C | 11	7 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 2	6 °C | 2	-3 °C | 7

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 5	-3 °C | 1	-7 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 2	5 °C | 3	-4 °C | 2

LÉTT

7	6			3			8	2
	8		9					7
			5					
4		6			7	8		9
	5		1	9	3			4
	2							
2	3			4	5		1	
				6				
	9		8			3		

MIÐLUNGS

7				1		9		
8	9	5				4		
			9			6		8
3		9	6	7		5	8	1
			3	4				
5	2	8				7		4
			4	5	9		3	
							5	

ÞUNG

			9	3			6	
3		7						5
	5		7	8			2	
6	1							
			1	4				
2		9				7		
		3		2				4
			3		9	5		
		1		7	6			3

Krossgáta

LÁRÉTT
1 sælgæti
5 líkja
6 óðagot
8 aðalsmaður
10 tveir eins
11 breið
12 hvellur
13 skaði
15 uppruni
17 kk. fugl

LÓÐRÉTT
1 tímafrekt
2 stórvirki
3 tvennd
4 atlask
7 dyggð
9 fugl
12 skaddast
14 tré
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 tópas, 5 apa, 6 as, 8 fursti, 10 ss, 11 við, 12 bang, 13 mein, 15 tilurð, 17 karri.
LÓÐRÉTT: 1 tafsamt, 2 opus, 3 par, 4 satin, 7 siðgæði, 9 svanur, 12 bíla, 14 eik, 16 rr.

Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.579) missti af skemmtilegum leik gegn Guðmundi Kjartanssyni (2.466) á Haustmóti TR.

Hjörvar lék 31...Hf8 og skákinni lauk með jafntefli. Stórmeistarinn átti hins vegar **31...Dxd6!! 32. cxd6 Bxe4 33. Dc1 Bxg2+ 33. Kg1 Hg3!** með vinningsstöðu. Hjörvar er efstur með 6½ eftir sjö umferðir og Helgi Áss Grétarsson er annar með 6 vinninga.

www.skak.is: Haustmót TR.

Svartur á leik

3	7	9	6	1	2	5	8	4
8	1	4	3	7	5	6	9	2
2	5	6	8	9	4	1	3	7
6	9	3	4	2	8	7	1	5
4	8	1	7	5	3	2	6	9
5	2	7	9	6	1	3	4	8
9	6	8	5	3	7	4	2	1
7	3	2	1	4	9	8	5	6
1	4	5	2	8	6	9	7	3

4	1	9	2	8	5	3	6	7
8	6	3	9	1	7	5	2	4
2	5	7	3	4	6	9	8	1
9	7	8	6	5	3	4	1	2
1	2	6	7	9	4	8	5	3
3	4	5	8	2	1	6	7	9
5	8	4	1	7	9	2	3	6
6	9	1	5	3	2	7	4	8
7	3	2	4	6	8	1	9	5

4	6	2	9	5	7	3	1	8
7	8	3	6	1	2	5	9	4
5	9	1	8	4	3	7	2	6
9	1	4	7	2	5	6	8	3
6	3	7	1	8	4	9	5	2
8	2	5	3	6	9	1	4	7
1	4	9	2	7	6	8	3	5
2	7	8	5	3	1	4	6	9
3	5	6	4	9	8	2	7	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakkningum í verslunum
Bónus um land allt.

norðanfiskur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Upplýsir morðgátu á sinn hátt

Friðgeir Einarsson er höfundur leikritsins Útlendingurinn. Leikritið verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu á föstudaginn. Fjallar um gamalt norskt líkfundarmál.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Friðgeir er höfundur verksins og fer með aðalhlutverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Borgarleikhúsið frumsýnir leikritið Útlendingurinn – morðgáta á föstudag í leikstjórn Péturs Ármannssonar. Höfundur verksins er Friðgeir Einarsson.

Spurður um kveikjuna að verkinu segir Friðgeir: „Ég flutti til Bergen á síðasta ári þar sem konan mín er í námi. Ég var, eins og maður sem flytur til nýs lands, leitandi að persónuleika staðarins og einkennum og varð þess fljótt áskynja að Bergen er ekki beint miðja alheimsins þótt þetta sé tiltölulega stór bær.

Ein áhugaverðasta seinni tíma sagan sem ég heyrði í Bergen er 50 ára gamalt líkfundarmál. Árið 1970 fannst illa leikið lík af konu inni í Ísdal fyrir utan Bergen, rétt hjá þar sem ég á heima. Fljótlega kom í ljós að konan var útlendingur en enginn vissi neitt meira um hana. Þegar farið var að grennslast fyrir um hana varð sagan enn dularfyllri. Í ljós kom að konan hafði dvalist á hóteli í Bergen undir fölsku nafni og ferðast um Evrópu undir fölsku flaggi. Farangur hennar fannst á lestarstöð og miðar höfðu verið klipptir af öllum fötum hennar, þannig að ekki var hægt að vita hvar þau voru framleidd, auk þess höfðu merkingar verið fjarlægðar af lyfjum og persónulegum eigum hennar. Dulargervi voru í farangrinum. Getgátur voru uppi um að konan hefði verið austur-evrópskur njósnari.“

Skrifaði hlutverk fyrir sig

Friðgeir segir að enn sé ekki vitað hvaða kona þetta var. Spurður hvort hann upplýsi málið í leikriti sínu segir hann: „Ég er kannski ólíklegastur af öllum til að upplýsa málið. Þar til nú hef ég ekki sýnt glæpasögum og glæpasagnamenningu neinn sérstakan áhuga. Ætli það megi ekki segja að ég upplýsi þetta á minn hátt.“

Friðgeir fer með burðarhlutverkið í sýningunni. „Þetta er hlutverk sem ég skrifa fyrir sjálfan mig. Þarna er maður sem heitir Friðgeir, er nýfluttur til Bergen og er að reyna að finna sér hlutverk á nýjum stað. Hann verður gagntekinn af þessari sögu og ver sífellt meiri tíma í að grandskoða hana og flækist inn í heilt samfélag áhugaspæjara.“

> Í ÞETTA SKIPTI GÖNGUM VIÐ ENN LENGRA Í AÐ ÞYKJAST VERA SPÆJARAR OG REYNUM AÐ FÁ ÁHORFENDUR TIL AÐ HUGSA UM RÁÐGÁTUNA MEÐ OKKUR.

Snorri í ýmsum búningum

Auk Friðgeirs kemur Snorri Helgason fram í sýningunni en hann semur tónlistina í henni. „Tónlist Snorra er mjög falleg og svo framkallar hann ýmis hljóð. Ég píndi hann til að taka að sér eitt og eitt hlutverk, þannig að hann þarf að bregða sér í ýmsa búninga,“ segir Friðgeir.

Friðgeir og Snorri voru síðast saman á sviði í verðlaunasýningunni Club Romantica sem frumsýnd var á síðasta ári, en í henni freistuðu þeir félagar þess að finna eiganda týndra myndaalbúma sem þeir höfðu undir höndum. Voru listrænir stjórnendur þá flestir þeir sömu og í Útlendingnum. „Í þetta skipti göngum við enn lengra í að þykjast vera spæjarar og reynum að fá áhorfendur til að hugsa um ráðgátuna með okkur, reynum að flytja þá með okkur á vettvang í Bergen,“ bætir Friðgeir við.

Egill og Hekla verða á alþjóðlegu gjörningahátíðinni A! á Akureyri.

Gjörningahátíð á Akureyri

A! Gjörningahátíð fer fram á Akureyri dagana 1. 4. október næstkomandi. A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega og nú í sjötta sinn. Ókeypis er inn á alla viðburði.

Sérstök dómnefnd valdi úr innsendum umsóknum listamanna og eru fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga á dagskránni. Þátttakendur eru ungir og upprennandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum og leikhúsfólki. Að þessu sinni fara gjörningarnir fram í Listasafninu á Akureyri, Menningarhúsinu Hofi, Vanabyggð 3 og Sæborg í Hrísey.

> ÞÁTTTAKENDUR ERU UNGIR OG UPPRENNANDI LISTAMENN, ÁSAMT REYNDUM OG VEL ÞEKKTUM GJÖRNINGALISTAMÖNNUM OG LEIKHÚSFÓLKI.

Listamennirnir sem koma fram í ár eru: Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Anna Richardsdóttir, Egill Logi Jónasson og Hekla Björt Helgadóttir, Halldór Ásgeirsson, Katrín Gunnarsdóttir og Rán Flygenring, Páll Haukur Björnsson, Steinunn Önnu-Knútsdóttir og Gréta Kristín Ómarsdóttir, Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir, Erwin van der Werve ásamt Örnu Valsdóttur, Arnbjörgu Kristínu Konráðsdóttur, Brák Jónsdóttur, Freyju Reynisdóttur, Hörpu Björnsdóttur, Silfrúnu Unu Guðlaugsdóttur og Töru Njálu Ingvarsdóttur.

Vonda gímaldið sem át tónlistina

TÓNLIST

★★½☆☆

Verk eftir Bach-fjölskylduna og Telemann.

Barokkbandið Brák lék

Eldborg í Hörpu

sunnudaginn 20. september

Hljómsveitarstjóri nokkur sagði einu sinni að semball hljómaði eins og beinagrindur að elskast uppi á blikkþaki. Semballinn lítur út eins og eins konar píanó, en strengirnir eru plokkaðir með sérstökum mekanisma. Útkoman – plokk, klikk og bank í ýmsum myndum - líkist helst skrölti í beinagrindum.

Spilað var á sembal á tónleikum Barokkbandsins Brákar, sem voru haldnir í Eldborg í Hörpu á sunnudaginn 20. september. Það heyrðist ekki mikið í honum. Ástæðan var sú að áhorfendur fengu ekki að sitja nær en á fimmtánda bekk í salnum niðri. Af hverju veit ég ekki. COVID var væntanlega sökudólgurinn, en hví var ekki hægt að sitja nær flytjendum? Er ekki bara eins eða tveggja metra regla? Fyrirkomulagið var óþolandi. Auðvitað situr maður stundum langt í burtu á sinfóníutónleikum, en þá er líka spilað á nútímahljóðfæri. Brák leikur eingöngu á eldri gerð strengjahljóðfæra, sem eru mun veikraddaðri en ella.

Barokkbandið Brák lék í Eldborg í Hörpu.

Slæm þróun fyrir sumt

Eftir því sem tónlistin þróaðist frá barokktímanum yfir í rómantík 19. aldarinnar þurftu hljóðfærin meiri hljómstyrk til að hægt væri að túlka þá tilfinningaólgu sem rómantíkin kallaði á. Farið var að nota stálstrengi í stað garna í strokhljóðfærunum, flautan var smíðuð úr málmi en ekki tré, og svo framvegis Þessi breyting umturnaði barokktónlistinni, hún varð miklu belgingslegri og missti hinn fínlega karakter sem einkenndi hana.

Nú er hins vegar svo komið að maður getur notið barokktónlistar með reglulegu millibili eins og hún var upphaflega hugsuð. Lítill hópur á borð við Barokkbandið Brák sérhæfir sig í því, en fyrir bragðið krefst hann meiri nálægðar. Til allrar óhamingju var hljómurinn á tónleikunum svo viðkvæmur að á sautjánda bekk í Eldborginni, þar sem undirritaður sat, var engan veginn hægt að njóta hans. Útkoman minnti helst á ferðaútvarp.

Furðulega gott verk

Þetta er synd, því flutningurinn gekk yfirleitt eins og í sögu. Strengirnir voru endrum og sinnum ósamtaka, en heilt yfir var leikurinn jafn og nákvæmur, kraftmikill og grípandi. Tónlistin var eftir Bach, syni hans og ættingja, auk Telemanns. Mikið af henni er sjaldheyrt á Íslandi; ég er ekki viss um að hafa nokkru sinni heyrt Ouverture svítu nr. 1 í g-moll eftir Johann Bernhard Bach, sem var bróðursonur Johanns Sebastian Bachs. Það var furðulega gott verk, með innblásnum laglínum og heillandi framvindu sem greip mann allt til loka. Flutningurinn á því var líka sérstaklega vel heppnaður, samsvaraði sér ágætlega og var gæddur nauðsynlegri fágun.

Svítan var leikin eftir hlé, en almennt var spilamennskan betri eftir því sem á leið. Væntanlega hefur einhver glímuskjálfti spilað þar inn í; þetta voru undarlegar aðstæður, þar sem smágerð hljómsveit þurfti að berjast fyrir því að í henni heyrðist í risastórum sal. Sú barátta heppnaðist ekki sem skyldi, því miður. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Heilt yfir góður flutningur og skemmtileg tónlist, en viðkvæm hljóðfærin nutu sín ekki í þeim aðstæðum sem hér var boðið upp á.



DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Þórsmörk - friðland í 100 ár Tveggja þátta röð um sögu friðunar Þórsmerkur og gömlu afréttanna sunnan Krossár.
20.30 Lífið er lag Þáttur þar sem fjallað er um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Eldhugar: Sería 2 Í Eldhugum fara Pétur Einarsson og viðmælendur hans út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Spaugstofan 2005 - 2006
13.30 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2007-2008 Hornafjörður - Seltjarnarnes
14.30 Kastljós
14.45 Menningin
14.55 Gettu betur 2014 Fyrri undanúrslit
15.55 Gleðin í garðinum
16.25 Ljósmóðirin
17.20 Menningin - samantekt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ofurmennaáskorunin
18.29 Fjölskyldukagginn
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Okkar á milli
20.35 Treystið lækninum - Trust Me I'm a Doctor
21.30 Fósturbræður - Back Gamanþættir frá BBC um Stephen, sem undirbýr sig undir að taka við fjölskyldufyrirtækinu eftir andlát föður síns. Þegar maður að nafni Andrew birtist skyndilega í jarðarförinni og segist vera fósturbróðir Stephens fer óvænt atburðarás af stað. Aðalhlutverk: David Mitchell, Robert Webb og Louise Brealey. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Þegar rykið sest - Når støvet har lagt sig Dönsk leikin þáttaröð í tíu hlutum sem segir sögu átta ólíkra einstaklinga dagana fyrir og í kjölfar hryðjuverkaárásar í Kaupmannahöfn. Sögupersónurnar þekkjast ekki fyrir en leiðir þeirra liggja saman á ýmsa vegu dagana eftir árásina. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.15 Kennarinn - Belfer
00.05 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 European Tour 2020 Útsending frá Dubai Duty Free Open á Evrópumótaröðinni.
12.00 European Tour 2020 Útsending frá Dubai Duty Free Open á Evrópumótaröðinni.
17.00 European Tour 2020 - Highlights
17.25 European Tour 2020 Útsending frá Dubai Duty Free Open á Evrópumótaröðinni.
21.55 European Tour 2020 Útsending frá Dubai Duty Free Open á Evrópumótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 American Housewife
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Man with a Plan
19.30 The Neighborhood
20.00 The Block
21.00 The Good Fight
21.50 Bull Dr. Jason Bull rekur ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í að ráða til sín sérfræðinga í hinum ýmsu málaflokkum til að hjálpa skjólstæðingum sínum sem verið er að sækja til saka.
22.35 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Hawaii Five-0
01.45 Transplant
02.30 68 Whiskey
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk (45 af 49)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 Sleepless in Seattle
13.10 Monster in Paris
14.40 Grand-Daddy Day Care
16.10 Sleepless in Seattle
17.55 Monster in Paris
19.25 Grand-Daddy Day Care
21.00 Skyscraper Hörkuspennandi mynd frá 2018 með Dwayne Johnson í aðalhlutverki og fjallar um fyrrverandi aðalsamningamann alríkislögreglunnar í gíslatökumálum sem nú vinnur við öryggisgæslu í skýjakljúfum.
22.40 Submergence
00.25 The Zookeeper's Wife
02.30 Skyscraper

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 The Good Doctor
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Planet Child
10.55 First Dates
11.40 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 So You Think You Can Dance
14.20 Ísskápastríð
14.55 The Great British Bake Off
15.50 Doghouse
16.40 GYM
17.00 Stelpurnar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.50 Ísland í dag
19.10 Mom
19.30 Shark Tank
20.15 God Friended Me
21.00 One Lane Bridge
21.45 All American
22.30 Room 104
23.00 Last Week Tonight with John Oliver
23.35 Absentia
00.30 Better Call Saul
01.25 Better Call Saul
02.05 Better Call Saul
03.00 Bancroft 2
03.45 Bancroft 2

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

18.40 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 Modern Family
21.15 Veronica Mars
22.10 Insecure
22.35 Orange is the New Black
23.35 Warrior
00.25 Friends
00.55 Friends
01.15 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

08.30 Breiðablik - ÍBV Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
10.15 Fylkir - Valur
11.55 Seinni bylgjan - kvenna Markaþáttur Olís deildar kvenna.
12.35 Afturelding - Augnablik Útsending frá leik í Lengjudeild kvenna.
14.20 18. umferð Guðmundur Benediktsson fer yfir síðustu umferð Pepsi Max deildar karla.
15.35 Keflavík - ÍBV Bein útsending frá leik í Lengjudeild karla.
17.40 KA - Grótta Útsending frá leik í Olís deild karla.
19.00 Seinni bylgjan - karla Markaþáttur Olís deildar karla.
20.00 Pepsi Max Mörkin Helena Ólafsdóttir ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports fara yfir síðustu leiki í Pepsi Max deild kvenna.
21.00 Valur - Breiðablik Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
22.40 Grótta - KA
00.20 KR - Fylkir Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.10 Cagliari - Lazio
08.55 Sampdoria - Benevento
10.35 Inter - Fiorentina
12.15 Deportivo - Getafe
14.00 Atletico Madrid - Granada
15.40 Bologna - Parma
17.20 Ítölsku mörkin
18.45 UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar Bein útsending.
20.40 Elche - Real Sociedad
22.20 Valencia - Huesca

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

KING KOIL

KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.

★★★★★

SJÓN ER SÖGU RÍKARI

KIROPRAKTORSTOFA ÍSLANDS

„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvíldari eftir að ég fór að sofa á **King Koil.**
Ég mæli persónulega og faglega með **King Koil.**"

Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.
Kírópraktor/ Framkvæmdastjóri
Kírópraktorstofa Íslands

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Haukur Ingi Guðnason mættu með fulltrúa nýrrar Kardemommu-kynslóðar, þau Eldeyju og Jökul.

Jón Jónsson ásamt Hafdísi Björk, Jóni Tryggva og Mjöll.

Leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir og Ísold Edda skemmtu sér konunglega en Edda var fjögurra ára þegar hún sá Kardemommubæinn fyrst í Þjóðleikhúsinu 1976 og síðan lék hún sjálfa Soffíu frænku árið 2009.

Ari Matthíasson, fyrrverandi Þjóðleikhússtjóri, beið ekki boðanna og gerði úttekt á nýja Kardemommubænum ásamt eiginkonu sinni Gígju Tryggvadóttur.

Grímulaus gleði í Kardemommubæ

Gleðin og eftirvæntingin skein grímulaust af andlitum frumsýningargesta á Kardemommubænum í Þjóðleikhúsinu enda hermt að um uppáhalds leikrit barna á öllum aldri sé að ræða.

Spennan var áþreifanlega og að mestu grímulaus í Þjóðleikhúsinu um helgina þegar Kardemommubær enn einnar kynslóðar var frumsýndur en þetta er í sjötta sinn sem leikritið er sett á svið frá 1960. Þótt þess sé hvergi getið í stjórnarskrám, hvorki þeirri gildandi né þeirri týndu, þá telst það því sem næst menningarleg skylda að kynna þennan töfraheim Thorbjörns Egner, sem er seiðandi suðrænn að þessu sinni, fyrir hverri kynslóð. Annars tala myndirnar sínu máli og benda til þess að enn sem fyrr snerti íbúar Kardemommubæjar við barnshjörtum allra og sameini kynslóðirnar þannig að allir geta bara lifað og leikið sér. **toti@frettabladid.is**

Forsetafrúin Eliza Reid virti sóttvarnalögin til hlítar og fagnaði fjölbreytileikanum með þessari líka forláta andlitsgrímu þegar hún heimsótti Kardemommubæ ásamt Magnúsi Gunnari Ögmundssyni og Eddu Margréti Reid.

Vart mátti á milli sjá hver voru spenntari fyrir nýjum Kardemommubæ, þau Friðrik Dór og Lísa Hafliðadóttir eða þær Jóhanna Margrét og Ásthildur.

Gleðin var alveg grímulaus hjá þeim Ingibjörgu Ösp Stefánsdóttur, Magnúsi Geir, Árna Gunnari og Degi Ara.

Fjármálaráðherra Íslands, Bjarni Benediktsson, kynnti sér hagstjórn og stjórnsýslu Bastíans bæjarfógeta ásamt eiginkonu sinni, Þóru Margréti Baldvinsdóttur hönnunarráðgjafa, og Guðríði Línu Bjarnadóttur og Steinari Jóhanni Lúðvíkssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

**Við höfum opnað glæsilega nýja verslun Hästens að Faxafeni 5.
Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.**

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið.
Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík 588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

SIMBA®



Eftir áralanga þróun og prófanir
höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn
– sama hvert svefnmynstur þitt er.

SIMBA STÆRÐIR	VERÐ
Dýna 80 x 200 cm	79.990
Dýna 90 x 200 cm	89.990
Dýna 90 x 210 cm	94.990
Dýna 100 x 200 cm	94.990
Dýna 120 x 200 cm	104.990
Dýna 140 x 200 cm	114.990
Dýna 160 x 200 cm	134.990
Dýna 180 x 200 cm	149.990
Dýna 180 x 210 cm	159.990
Dýna 200 x 200 cm	169.990

VARA ÁRSINS 2018 HEILSUDÝNUR BRETLAND
Kjörin heilsudýna ársins á meðal 10.637 þátttakenda í neytendakönnun KANTAR TNS í Bretlandi

Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á
www.simba.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

„Ég hef alveg fengið leið á handriti sem ég hef verið að skrifa og ekki nennt að halda áfram en þessi vildi bara verða til. Hún vildi ekkert falla í gleymsku og hefur einhvern veginn aldrei farið," segir Marzibil. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

Óvirkan alka vantar fé fyrir eftirvinnslu

Marzibil Sæmundardóttir safnar fyrir eftirvinnslu Drink My Life á Karolina Fund. Eiginmaður hennar er í aðalhlutverki myndarinnar en hún sá í honum sannfærandi fyllibyttu áður en þau kynntust.

Þegar þrír dagar eru eftir af hópfjármögnun á eftirvinnslu stuttmyndarinnar Drink My Life á Karolinafund.com vantar leikstjórann og handritshöfundinn Marzibil Snæfríðar Sæmundardóttur tæplega helminginn af 4.000 evra takmarkinu sem þarf til þess að fullklára myndina.

„Þetta er saga sem ég byrjaði að skrifa fyrir níu árum og hef heimsótt af og til síðan," segir Marzibil sem var á annarri önn á leikstjórnar- og handritabraut í Kvikmyndaskóla Íslands þegar hugmyndin kviknaði.

Marzibil áttaði sig fljótt á því að myndin væri of umfangsmikil og kostnaðarsöm til þess að geta orðið útskriftarverkefni hennar en hún fékk sig þó ekki til að gefa sögu alkóhólistans hans Steina upp á bátinn.

Dýr stuttmynd

„Eftir útskrift heimsótti ég handritið reglulega en varð ekki sátt fyrr en 2018 og kostnaðaráætlun var upp á fjórtán milljónir, enda mikið að gerast í myndinni," segir Marzibil sem segir tökurnar sem fóru fram fyrstu vikuna í september í fyrra hafa gengið vonum framar.

„En við gerðum alveg ráð fyrir að þurfa að fara í þessa söfnun vegna þess að þetta er rosalega bissí mynd og miðað við stuttmynd þá er hún dýr og þess vegna sárvantar fjármagn til að klára eftirvinnslu, kynningu, dreifingu og til þess að senda myndina á hátíðir."

Númer þrjú í röðinni

Marzibil lýsir Drink My Life sem svartri dramakómedíu um óvirkan alkóhólista sem svo skemmtilega vill til að áður en kynni hennar og aðalleikarans, Ársæls Sigurlaugar Níelssonar, hófust á Tinder og

Steini er óvirkur alkóhólisti sem vanrækir sjálfan sig tilfinningalega og andlega og þegar örlögin grípa inn í fer hann að stíga varasaman dans.

> ÉG TALAÐI ALDREI VIÐ ÁRSÆL ÞÓTT ÉG VÆRI ALVEG BÚIN AÐ SJÁ HANN SEM TRÚVERÐUGAN LEIKARA Í ÞENNAN KARAKTER ÁÐUR EN VIÐ KYNNUMST.

enduðu í hjónabandi hafði Marzibil auga á Ársæli í svipað hlutverk alkóhólista og hann fer með í Drink My Life.

Þegar Marzibil sá að handrit hennar að Drink My Life væri of stór biti til að kyngja í kvikmyndanáminu skrifaði hún annað handrit. „Ég gerði handrit sem ég treysti mér til að gera og í rauninni er innblásturinn að sögupersónunni þar sá sami. Þá höfðum við ekki hist en ég var að skoða þrjá leikara og hann var einn af þeim. En leikari númer tvö sagði já þannig að ég talaði aldrei við Ársæl þótt ég væri alveg búin að sjá hann sem trúverðugan leikara í þennan karakter áður en við kynnumst.

Hann tengdi vel við aðalpersónuna," segir Marzibil hlæjandi enda víst ekki í kot vísað hjá aðalleikaranum, meðframleiðandandum og eiginmanninum þegar áfengi er annars vegar. „Hann segir það alveg sjálfur að hann hafi tengt fljótt við þetta handrit."

Fyndinn bjórsögumaður

Marzibil bætir við að Ársæll hafi verið í Bjórskólanum á sínum tíma og þar fyrir utan hefur hann smakkað aðeins á áfengisvandanum. „Hann er vanur því að taka á móti hópum útlendinga og vinnustaðahópum og spjalla um bjórinn, bjórsmökkun, sögu bjórsins og svo bara eiginlega áfengissögu Íslands sem er náttúrlega alveg óborganlega fyndin ef maður fer út í það."

Þeir sem styðja framleiðsluna rausnarlega á Karolina Fund fá ekki aðeins tvo boðsmiða á sérstaka forsýningu og nafn sitt á þakkarlistann í lok myndarinnar þar sem 200 evrur eða meira fela einnig í sér heimsókn og bjórfræðslu frá aðalleikaranum.

„Við erum innilega þakklát fyrir allan stuðning," segir Marzibil en söfnuninni á Karolinafund.com lýkur um mánaðamótin.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

FARTÖLVUR!

ÞÚ FINNUR RÉTTU TÖLVUNA HJÁ OKKUR

ASUS

ASUS VIVOBOOK 15

· Fæst nú með 10. kynslóð Intel i5 örgjörva
· Rammalaus NanoEdge skjár, nýtir stærðina enn betur
· Með ErgoLift löm sem lyftir tölvunni örlítið, fyrir aukin þægindi

APPLE MACBOOK AIR 2020

· Ótrúlega léttar og þunnar tölvur sem eru aflmeiri en nokkurn tímann áður
· 20% stærri snertiflötur og nýtt Magic lyklaborð
· Skelinn er úr 100% endurunnu áli

APPLE MACBOOK PRO 2020

· Tilvalin fyrir þau kröfuhörðustu, hönnuð til að auðvelda vinnuflæði og afköst
· Nú fáanleg með örgjörva sem eykur afköst skjástýringar um allt að 80%
· Nýtt Magic lyklaborð með meiri nákvæmni

acer

ACER NITRO 5

· Yfirgnæfandi afkastageta með 10. kynslóð Intel örgjörva og Nvidia skjákorti
· Nú með DTX:X Ultra hljóðstýringu sem skilar skýrara og kraftmeira hljóði
· KillerConnectivity gerir þér kleift að forgangsraða forritum fyrir notkun á netinu

ASUS

ASUS EXPERTBOOK

· Ein léttasta 14" fartölvan á markaðnum
· Handhafi RedDot 2020 verðlaunanna
· Rafhlaða endist í allt að 24 tíma

acer

ACER PREDATOR TRITON 500

· Ótrúlega kraftmikil miðað við stærð
· Notar CoolBoost tækni sem stillir kælinguna eftir þörfum
· 300Hz endurnýjunartíðni sem er allt að 4x meira en í hefðbundnum fartölvum

tl.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BÓKAMARKAÐUR ÁRMÚLA 42
Stóraukið úrval af gömlu!
OPIÐ mánud.-föstud. 11-18 laugard. 11-16
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar

Haldið og sleppt

Fram til ársins 2015 þótti afgreiðsla útlendingamála í ákveðnum ólestri. Reglulega stóðu öll spjót á dómsmálaráðherra, þegar hann tók ákvörðun um að vísa fólki úr landi sem ekki uppfyllti lagaskilyrði um dvalarleyfi. Það þótti ótækt að pólitíkus væri að skipta sér af því hverjir fengu að setjast hér að. Virtar alþjóðastofnanir gerðu einnig athugasemdir við aðkomu ráðherra að slíkum málum og lögðu til að ákvörðunarvaldið yrði fært úr hans höndum.

Lögum var því breytt og í stað ráðherra skyldi nefnd óháðra sérfræðinga eiga síðasta orðið. Þessari kærunefnd var ætlað að starfa eftir almennum reglum, þar sem pólitík og dægurþras ættu enga aðkomu.

Ákvörðun sjö manna kærunefndarinnar í máli egypsku Khedr-fjölskyldunnar fór ekki fram hjá neinum. Nefndin taldi að vísa ætti fjölskyldunni úr landi og kallaði niðurstaðan á forvitnileg viðbrögð. Þeir sem áður höfðu krafist hlutlausrar málsmeðferðar sérfræðinga, í stað pólitískra afskipta, kölluðu eftir því að ráðherra beitti sér í málinu og tæki fram fyrir hendur kærunefndarinnar. Pólitískt mat átti nú að trompa það faglega. Voru bæði dóms- og félagsmálaráðherra sakaðir um mannréttindabrot gegn fjölskyldunni.

Fyrir ráðherra er þetta vonlaus staða til að vera í og það hljóta allir að sjá að þetta fyrirkomulag gengur ekki. Annaðhvort liggur ákvörðunarvaldið hjá ráðherra eða kærunefndinni. Það getur ekki legið hjá báðum. Það verður ekki bæði haldið og sleppt.

Það er yndislegt fyrir Khedr-fjölskylduna að fá að búa hér áfram og ég óska henni innilega til hamingju með niðurstöðuna. Á sama tíma verður þó ekki hjá því komist að gera athugasemd við aðferðafræðina að baki, sem hlýtur að teljast í ákveðnum ólestri.

Fyrir svanga ferðalanga
Kvikk ON THE GO | ORKAN

SLOW COW MIND COOLER 330 ML
299 KR/STK
906 KR/L
Slow Cow Mind Cooler 330 ml
Kvikk ON THE GO | ORKAN

FRÍR FLUTNINGUR* UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Í VEFVERSLUN OKKAR

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

SANNKALLAÐIR ÞÆGINDASTÓLAR

NÝTT Á ÍSLANDI

SÆKTU APPIÐ MEDALUX OG SKOÐAÐU HVERNIG STÓLLINN LÍTUR ÚT Á ÞÍNU HEIMILI.

JAMES
STÓLL MEÐ SKEMLI
verð 149.900

IRIS
RAFSTILLANLEGUR
verð 209.900

PANDORA
RAFSTILLANLEGUR
verð 219.900

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM STILLANLEGUM RAFMAGNS-RÚMUM

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

NÝ SENDING AF SÆNGUM
BY BRINKHAUS

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

Svefn & heilsa ★★★★★
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

100% SVEFN - 100% HEILSA
Góð hvíld

BALDURSNES 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150 | OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir